



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

3. tbl. 2022 júlí



Andrés Þórarinnsson TF1AM tók þátt í Páskaleikum ÍRA 2022. Myndin var tekin laugardaginn 16. apríl við Hólbergsvita sem er norðan Helguvíkurhafnar í Reykjanesbæ. Ljósmynd: TF1AM.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi*
- *Páskaleikar 2022; úrslit.*
- *Tímamót í námskeiðshaldi til amatörprófs.*
- *Amatörprófinu lokið – hvað næst?*
- *Viðurkenningar radióamatöra.*
- *Helstu DX keppnir 2022; júlí-sept.*

Á DÖFINNI:

- *VHF/UHF leikar 1.-3 júlí*
- *TF útileikarnir 30. júlí – 1. ágúst.*
- *75 ára afmælisfagnaður ÍRA 14. ágúst.*
- *Flóamarkaður 11. september.*
- *Ný vetrardagskrá hefst 15. október.*
- *Næsti skilafrestur efnis í CQ TF: 18. sept.*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norræna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"V. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2022–2023 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Georg Magnússon	TF2LL
Ritari:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Georg Kulp	TF3GZ
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2022–2023 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október og janúar 2023.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · ·	3
Frá formanni... · · · · ·	4
Félagsstarfið í Skeljanesi · · · · ·	6
Páskaleikar 2022, úrslit · · · · ·	30
TF1AM í páskaleikum ÍRA 2022 · · · · ·	34
Tímamót í námskeiðshaldi til amatörprófs · · · · ·	36
Amatörprófinu lokið – fyrstu skrefin í loftið · · · · ·	40
ÍRA; starfstímabilið 2022/23 · · · · ·	43
Bókahorn ÍRA · · · · ·	49
Viðurkenningar radióamatöra · · · · ·	50
DXCC skráning TF kallmerkja · · · · ·	51
Helstu DX keppnir 2022; júlí-september · · · · ·	52



vodafone

Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósaraflhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað gevinnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlæggra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Einstaka sinnum hefur það hvarflað að ritstjóra hvort radióamatörar megi gera að gamni sínu, í loftinu, jafnvel hvort þeim leyfist að hafa þínu skopskyn. Ég hef velt því fyrir mér, hvort reglugerðin banni alfarið húnur á amatörtíðnum sem gæti t.d. verið í þessum dúr.

28. grein: § k: Stranglega er bannað að hafa um hönd spaug hvurskonar á amatöratíðnum. Brotlegir munu tilvisseligt fá að finna fyrir því og verður það þeim brotlegu dýrt spaug, sbr. „Ein teurer Spaß“. Heimilt er þó að gera undantekningu frá þessum reglum hafi menn hafa dvalið langdvölum í Skandinavíu og þá sér í lagi í Noregi og hafa vanist þar þeim sið heimamanna „Ah drive grin og lave løjer og langkål“, því telja verður að viðkomandi verði ekki bjargað hvort eð er. Þeir fá því að


vera með apakattstregur í hljóðnema eða lykil að því tilskildu að stöðin sé hvorki tengd við rafkerfi né loftnet.

Burtséð frá öllu rövli um reglugerðir og aðrar gerðir, er nú svo komið fyrir ritstjóra að öngvir leiðarar finnast í hans haus, þrátt fyrir langa og stranga leit. Og hvað gera menn þá? Jú það er farið í staflana af gömlum CQ blöðum og reynt að finna þar eitthvað nýtilegt. Og viti menn, í staflanum fundust gamlar grínmyndir sem afsanna kenningu ritstjóra um að reglugerðir banni smá grín.


Og því verður þessi leiðari ekki lengri en í staðinn verður sýning á úrvali þessara mynd sem eru hvortveggja létt grín og enn léttari skot á mæta menn sem sumir eru mörgum gleymdir í dag.




CQ CQ CQSérðu
ekkert annað eh þessa
helv.kú!!



“... Á ég að kenna þér morse?”



“Etlí þetta sé ekki radióamatör?”



“Ég held að Doddi sé búinn
að tjúna”




“...jæja, ég ætla ekki
að halda þér frá matnum...”



“Énga stæla góði, ég er viss um
að þú þekktir ekki slagvaka
þótt hann lúberði þig!”



“Nei, því miður Jóhannes Jóhannessen
á ekki heima hér”



- “Nei, þetta er ekki
listaverk. Stebbi byrjaði
að veggfóðra, en svo
fór hann á 3710.”




Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Námskeið ÍRA til amatörprófs sem hófst 28. mars, lauk 19. maí og endaði með prófi Fjarskiptastofu 21. maí, markaði tímamót. Tvennt kemur þar einkum til, að í boði var samtímis staðnám og fjarnám yfir netið. Til viðbótar var nýjum áfanga náð þar sem próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið samtímis á þremur stöðum á landinu.

Það besta við verkefnið er, að það skilaði 11 nýjum leyfishöfum sem þessa dagana eru að sækja um úthlutun kallmerkja og undirbúa sig undir að koma í loftið. Nýir leyfishafar eru á aldrinum frá 19 til 64 ára. Ánægjulegt er, að þar af eru tvær konur. Á meðfylgjandi stöplariti má sjá aldur nýrra leyfishafa.



Stöplaritið sýnir aldur nýrra leyfishafa vorið 2022.

Um leið og nýjum leyfishöfum er óskað til hamingju, vil ég þakka aðkomu embættismanna félagsins að verkefninu, en alls komu 22 félagsmenn að framkvæmd þess. Sérstaklega vil ég þakka þeim Kristni Andersen, TF3KX formanni Prófnefndar ÍRA og Jóni Björnssyni, TF3PW umsjónarmanni námskeiða ÍRA, sem báru hita og þunga verkefnisins. Sjá nánar samantekt undirritaðs um verkefnið á öðrum stað í blaðinu.

Auknar aflheimildir á 50 MHz.

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu 13. maí við ósk félagsins um endurnýjun aukinna heimilda á 6 metra bandi sumarið 2022. Gildistími er 4 mánuðir eða til 31. september. G-leyfishafar fá heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W.

Leyfishafar þurfa að sækja sérstaklega um heimild hjá FST á sama hátt og verið hefur t.d. um 70 MHz tíðnisviðið. Póstfang: hrh(hjá)fjarskiptastofa.is Tilgreina skal að sótt sé um auknið afl á 50 MHz.

Mikill akkur er af þessari heimild fyrir leyfishafa



Myndin var tekin í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.

sem stunda tilraunir í tíðnisviðinu, þ.á.m. í DX fjarskiptum. Afar ánægjulegt er, að gildistími heimildarinnar er mánuði lengri í ár heldur en í fyrra, eða út septembermánuð.

TF1VHF vitarnir QRV í fjögur ár.

Rifjað er upp í þessu blaði, stórvirki sem unnið var á vettvangi áhugamáls okkar fyrir fjórum árum þegar tveir nýir radióvitar voru settir í loftið, 12. maí 2018. Þeir vinna á 50.457 MHz á 6 metrum og 70.057 MHz á 4 metrum. QTH er Álftanes á Mýrum.



Ólafur, TF3ML.

Til hagræðis er notað sama kallmerki, TF1VHF. Merki heyrast vel í Reykjavík, um Suðurnes, austur fyrir fjall, um Snæfellsnes og um Vesturland og til útlanda.

Mikill áhugi varð strax á merkjum frá vitunum bæði innanlands sem utan. Verkefnið var í raun eitthvað sem hafði verið beðið eftir lengi. Frá þessum tíma hafa í fyrsta skipti verið í boði stöðug merki á 6 metrum og 4 metrum (allan sólarhringinn) þegar menn gera tilraunir í þessum tíðnisviðum. Ólafur B. Ólafsson, TF3ML annaðist uppsetningu búnaðar, fjármagnaði verkefnið og stóð straum af öllum kostnaði. Ólafur hefur, eins og kunnugt er, einnig unnið frábært starf undanfarin ár við uppbyggingu endurvarpa í VHF og UHF tíðnisviðunum í Bláfjöllum, á Skálafelli og á Mýrum. Þakkir til Ólafs fyrir frábært framlag til áhugamálsins.

Páskaleikar 2022.

Páskaleikar ÍRA 2022 fóru fram um páskahelgina 15.-17. apríl. Þetta voru 5. leikarnir frá upphafi, en þeir voru fyrst haldnir árið 2018. Þátttaka var ágæt og var 21 TF kallmerki skráð, en dagbókarfærslur voru



Icom IC-7300 100/100/50W HF/50/70 MHz stöð félagsins var notuð á 50 og 70 MHz SSB og Icom IC-9700 100/75/10W VHF/UHF lánsstöð var notuð á 144 og 433 MHz á FM og SSB. Ljósmynd: TF3JB.

sendar inn fyrir 18 kallmerki. Félagsstöðin TF3IRA var QRV laugardaginn 16. apríl frá kl. 10 f.h. til kl. 16 síðdegis og hafði alls 41 QSO. TF3JB var á hljóðnema og lykli. Opið hús var á sama tíma í Skeljanesi og mættu 12 félagar og 2 gestir í hús og þáðu kaffi og veitingar.

Hamingjuóskir til þeirra TF8KY, TF1AM og TF2MSN fyrir verðskuldaðan árangur í fyrstu þremur sætunum, sem og til félagsmanna fyrir góða þátttöku. Sérstakar þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY, umsjónarmanns Páskaleikanna fyrir vel heppnaðan viðburð, frábæran gagnagrunn („on-line“ leikjavef) og framúrskarandi gott utanumhald.

Alþjóðadagur radióamatöra.

Ánægjulegt er að geta um, að kallmerkið TF3WARD (*World Amateur Radio Day*) var sett í loftið frá félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 18. apríl – annan í páskum. Þetta var þriðja árið í röð sem kallmerkið var virkjað. TF3JB var á hljóðnema. Alls var haft 301 QSO á SSB á 3.6 og 14 MHz; þ.á.m. sambönd við TF stöðvar. Fjöldi DXCC eininga var 32 í 8 CQ svæðum. Þakkir til Vilhjálmss Í. Sigurjónssonar, TF3VS og Mathíasar Hagvaag, TF3MH fyrir aðstoð við innsetningu í raf-ræna fjarskiptadagbók og á LoTW.

Að lokum.

Spennandi viðburðir eru framundan í félagsstarfinu. Loksins finnum við mun á að Covid-19 faraldurinn er að baki – því hægt er að efna til viðburða þar sem hópur félagsmanna getur komið saman á ný í Skeljanesi. Nefni nokkur dæmi:

- VHF/UHF leikarnir verða haldnir 1.-3. júlí.
- Afhending verðlauna í Páskaleikunum fer fram í Skeljanesi 7. júlí.
- TF útileikarnir fara fram 30. júlí til 2. ágúst.
- 75 ára afmælisfagnaður ÍRA fer fram í Skeljanesi 14. ágúst.
- Flóamarkaður félagsins fer fram í Skeljanesi og yfir netið 11. september.
- Vetrardagskrá ÍRA hefst á ný 15. október og lýkur með viðhafnarkaffi 15. desember.


Vona að sem flestir félagsmenn sjái sér fært að taka þátt í fjarskiptaviðburðum félagsins í sumar og hlakka til að sjá ykkur sem flest á afmælisfagnaði í tilefni 75 ára afmælis félagsins (sem við þurftum að fresta í fyrra) – sunnudaginn 14. ágúst n.k.

73

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA

QSL skilagreinar

QSL stofa ÍRA tók í notkun skilagreinar fyrir útsend kort 1. janúar 2010. Þar kemur m.a. fram: Dagsetning, kallmerki, fjöldi korta og sú fjárhæð sem látin er fylgja með kortunum. Félagsmenn geta sett kortin í A-5 umslag sem skila má í mótökukassa fyrir QSL kort í Skeljanesi. Skilagreinar og pokaumslög eru fánleg ókeyppis í QSL herbergi. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og er enn notað.





Félagsstarfið í Skeljanesi

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þessi inngangur er skrifaður þegar um þrjár og hálfur mánuður er liðinn þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði (2. tbl. 2022) sem kom út 3. apríl. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma. Hér á eftir er fjallað í beinu framhaldi um félagsstarfið í dagbókarstíl til 20. júní.

11. mars – Kallað eftir efni í 2. tölublað 2022.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum þann 11. mars. Hann vakti athygli á að frestur til að senda efni í næsta tölublað væri til 20. mars.



Ritstjóri við hljóðnemann frá TF7V DX-leiðangrinum sem farinn var til Vestmannaeyja í júlí 1975. Ljósmynd: TF3AC.

Að þessu sinni var boðið upp á þá nýjung, að bjóða félagsmönnum að auglýsa frítt notuð fjarskiptatæki og/eða búnað sem tilheyrir áhugamálinu. Enginn félagi nýtti sér það að þessu sinni. Viðtökur voru annars góðar og kom 2. tölublað 2022 út sunnudaginn 3. apríl á PDF formi á heimasíðu félagsins; 44 blaðsíður að stærð.

22. mars – CQ WW WPX SSB keppnin 2022.

Vakin var athygli á CQ World Wide WPX SSB keppni ársins á heimasíðu og FB síðum 22. mars, en keppnin var haldin 26.-27. mars. Þetta er 2 sólarhringa keppni sem fer fram á 1.8, 3.5, 7, 14, 21 og 28 MHz.



Markmiðið er að hafa sambönd við kallmerki með eins mörgum mismunandi forskeytum og frekast er unnt (VK1, VK2 o.s.frv.). Munur er gerður á stigagjöf eftir böndum, þ.e. QSO á milli meginlanda (e. continents) á 28, 21 og 14 MHz gefa 3 stig en 6 stig á 7, 3.5 og 1.8 MHz. Hvert forskeyti telst til margfaldara einu sinni – burtséð frá böndum.

Í ofangreindri innsetningu var félagsmönnum boðið að taka þátt í keppninni í fleirmenningsflokki frá félagsstöðinni TF3W, þar sem takmarkanir stjórn-

valda vegna Covid-19 hafa verið afnumdar. Áhugasamir félagar voru beðnir um að hafa samband við Óskar Sverrisson, TF3DC keppnisstjóra. Áhugi reyndist ekki vera fyrir hendi að þessu sinni.

21.-23. mars – Radiódót barst til ÍRA.

Félagmaður hafði samband og spurði hvort áhugi væri fyrir að taka á móti radiódóti, sem væri meira og minna í góðu standi. Erindinu var tekið fagnandi og í framhaldi bárust þrjár sendingar í Skeljanes frá viðkomandi, 21., 22. og 23. mars.



Radiódótinu (stærri hlutum) var komið fyrir á ganginum niðri. Ljósmynd: TF3JB.

Í fyrstu var reiknað með að dótið mundi rúmast í ganginum niðri, en eftir að þriðja sendingin barst var að ákveðið að taka í notkun borð í fundarsalnum uppi og koma smærri hlutum fyrir þar. Gefandi óskar eftir að kallmerki hans verði ekki gefið upp og hann nefndur NN. Bestu þakkir til viðkomandi.



Radióhlutum úr sendingunum var einnig komið fyrir í fundarsal. Ljósmynd: TF3JB.

24. mars – Frá opnun í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 24. mars.



Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Georg Kulp TF3GZ, Heimir Konráðsson TF1EIN, Jón E. Guðmundsson TF8KW og Sigmundur Karlsson TF3VE. Í horninu neðst til vinstri sér í hvirfilinn á Mathíasi Hagvaag TF3MH.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður yfir Lavazza kaffi og bakkelsi. Ágæt mæting, 20 manns í húsi.



Georg Magnússon TF2LL, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Töluvert af radiódóti hafði borist dagana á undan, auk þess sem Sigmundur Karlsson, TF3VE bætti um betur og færði félaginu nokkra aflgjafa þegar hann kom í hús. Þeir gengu allir út ásamt fleiru dóti sem mönnum leist vel á.



Radiódótið er vinsælt. Georg Kulp TF3GZ, Sigmundur Karlsson TF3VE, Eiður Kristinn Magnússon TF1EM, Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Jón E. Guðmundsson TF8KW og Mathías Hagvaag TF3MH.

Áhugaverðar umræður voru að venju um tæki og búnað. Einnig rætt um CQ WW WPX SSB keppnina um helgina. Félagar dreifðust á báðar hæðir, þ.e. í fundarsal og fjarskiptaherbergi og QSL stofu á 2. hæð.



Frá vinstri: Eiður Kristinn Magnússon TF1EM (standandi), Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Jón E. Guðmundsson TF8KW, Sigmundur Karlsson TF3VE, Georg Kulp TF3GZ og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmyndir: TF3JB.

Vel heppnað fimmtudagskvöld í hlýju vorveðri í vesturbænum í Reykjavík.

28. mars – 19 skráðir á námskeið til amatörprófs.

Alls skráðu sig 19 þátttakendur á námskeið ÍRA til amatörprófs sem hófst í Háskólanum í Reykjavík mánudaginn 28. mars. Fyrirhugað er að því ljúki með prófi Fjarskiptastofu í HR 21. maí. Námskeiðið er hvorutveggja boðið í stað- og fjarnámi.



Námskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022 er á ný haldið í Háskólanum í Reykjavík. Félagið hefur notið fyrirgreiðslu HR frá árinu 2013 (ef frá eru talin árin 2020 og 2021 þegar skólinn var lokaður öllum utanaðkomandi vegna Covid-19 faraldursins).

Þátttakendur koma víða að og eru með búsetu í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Sauðárkróki, Raufarhöfn, Þorlákshöfn, Hvolsvelli og Súðavík. Ein fyrirspurn barst frá Danmörku. Viðkomandi er áhugasamur og hyggst taka þátt í næsta námskeiði sem verður í boði yfir netið.

Jón Björnsson, TF3PW umsjónarmaður setti námskeiðið mánudaginn 28. mars kl. 19:00. Sjö þátttakendur voru mættir í kennslustofu í HR og níu voru í



Jón Björnsson TF3PW setti námskeiðið í HR og yfir netið 28. mars.



Sjö þátttakendur voru mættir í kennslustofu í HR en níu yfir netið, m.a. á Raufarhöfn, Sauðárkróki, Hvolsvelli, Þorlákshöfn, á höfuðborgarsvæðinu og erlendis.

netsambandi, m.a. frá Raufarhöfn, Sauðárkróki, Hvolsvelli, Þorlákshöfn, London á Bretlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Fjartengingar gengu vel og þátttakandinn sem staddur var erlendis sagði sambandið mjög gott.



Á lokinni formlegri setningu var slegið á léttu strengi áður en kennsla hófst. Kristinn Andersen TF3KX formaður prófnefndar ÍRA sem annaðist kennslu á mánudagskvöld, Jón Björnsson TF3PW umsjónarmaður námskeiða ÍRA og Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA.

Eftir setningu tók Kristinn Andersen, TF3KX við og hóf kennslu. Kennsla var síðan samkvæmt tímaplani og er fjöldi leiðbeinenda 10 talsins.



Samband yfir netið var mjög gott. Á baki Jóns og Kristins má sjá skjámynd af þátttakendum utan kennslustofu. Sérstakar þakkir til Jóns Svavarssonar TF3JON sem tók ljósmyndir.

31. mars – SOTA verkefnið 20 ára.

SOTA verkefnið (Summits On The Air) var stofnað 2. mars 2002. Málið snýst um að radióamatörar fara á fjöll með fjarskiptatæki og búnað og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi og hérlendis eru þeir alls 910.

TF3DX varð fyrstur til að „virkja“ fjallatind samkvæmt verkefninu, þann 1. september 2016 þegar Ísland gerist aðili að SOTA. Þeir TF3EO, TF3EK og TF5PX settu kerfið upp hér á landi.



Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX virkjar Hestfjall, SOTA TF/210 á morsi, haustið 2020. Ljósmynd. XYL Guðrún Hannesdóttir TF3GD.

Í byrjun árs 2022 voru um 24 þúsund radióamatörar með skráða þátttöku í verkefninu í yfir 100 þjóðlöndum. Þar af eru um 20 TF kallmerki.

31. mars – Frá opnun í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 31. mars. Sérstakur gestur okkar var Elín Sigurðardóttir, TF2EQ sem var í stuttri heimsókn á landinu.

Mikið var rætt um keppnir, leiðir til að ná bættum árangri og um DX'inn. Einnig rætt um loftnet, tækin



Skeljanesi 31. mars. Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH, Benedikt Sveinsson TF3T, Þórður Adólfsson TF3DT, Georg Kulp TF3GZ, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Jón Svavarsson TF3JON.



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Elín Sigurðardóttir TF2EQ. Fjær: Benedikt Sveinsson TF3T.

og búnað sem hægt er að koma sér upp til að vinna á truflunum (QRN). Vel gekk út af radiódóti sem nýlega barst í hús enda margvísleg smíðaverkefni í gangi hjá félagsmönnum. Vel heppnað fimmtudagskvöld í sólríku vorveðri í vesturbænum í Reykjavík og 22 félagar + 1 gestur í húsi.



Nýjum fjarskiptadagbókum á pappír var komið fyrir í stöðvarherbergi TF3IRA 31. mars. Þær eru hugsaðar fyrir þá leyfishafa sem vilja "logga" sambönd á pappír (en ekki rafrænt) þegar höfð eru sambönd frá stöðinni. Ljósmyndir: TF3JB.

1. apríl – CQ WW WPX SSB keppnin.

CQ World Wide WPX SSB keppnin fór fram 26.-27. mars s.l. Sjö TF stöðvar skiluðu inn gögnum í fjórum keppnisflokkum að meðtöldum samanburðardagbókum (check-log).

- TF1AM – einm.fl., 20m, lágafl.
- TF3W – einm.fl., 20m, háafl.
- TF3T – einm.fl., öll bönd, háafl.
- TF8KY – einm.fl., öll bönd, háafl.
- TF2MSN – einm.fl., öll bönd, lágafl.
- TF3DC – samanburðardagbók (check-log).
- TF3JB – samanburðardagbók (check-log).

Til samanburðar skiluðu 5 TF stöðvar inn gögnum í fyrra (2021). Endanlegar niðurstöður munu birtast í júníhefti CQ tímaritsins 2022.

https://www.cqwp.com/logs_received_ssb.htm

1. apríl – Málað yfir veggjakrot.

Drifið var í að mála langa bárujárnsgindverkið við húsið í Skeljanesi föstudaginn 1. apríl.



Skeljanesi 1.4.2022 kl. 15:00. Bárujárnsvæggurinn áður en hafist var handa við yfirmálun.

Veggjakrotið er fyrr á ferðinni í ár að sögn Baldvins Þórarinnssonar, TF3-Ø33 sem hefur fylgst með umhverfinu hjá okkur og séð um að mála yfir ósómann.



Kl. 18:00 og verkefninu lokið. Sólin farin að skína og mun snyrtilegra að líta yfir vegginn. Ljósmyndir: TF3JB.

Baldi átti ekki heimangengt 1. apríl, en var með í ráðum þegar 2 hressir félagar mættu á staðinn og unnu gott verk, sbr. meðfylgjandi ljósmyndir. Bestu þakkir til viðkomandi.

3. apríl – Nýtt CQ TF, 2. tbl. 2022.

Nýtt CQ TF kom út á heimasíðu ÍRA sunnudaginn 3. apríl; 44 blaðsíður að stærð. Innsetning var jafnframt gerð á FB síður og í framhaldi voru sendir tölvupóstar til félagsmanna með vefslóð á nýja blaðið.

Meðal efnis í blaðinu, auk greina frá ritstjóra og formanni:

CQ TF
ÍRA Íslendinga Ráðgjafarfélagið
1. árgangur 2022

Í innihaldi:	Á blaðinu:
• Félagsmálinn	• Nýtt efni um samfélagsnetið
• Húsnáðin 2022	• Þrátturinn frá 1.1.2022
• Húsnáðin 2021	• Húsnáðin 2021
• Húsnáðin	• Húsnáðin 2021
• Húsnáðin	• Húsnáðin 2021
• Húsnáðin	• Húsnáðin 2021
• Húsnáðin	• Húsnáðin 2021

- Félagsstarfið í Skeljanesi frá 27. janúar til 20. mars.
- Upplýsingar um viðtæki yfir netið.
- Norðurljós, dagar á ári – Samanburður við nágretta löndin.
- Aðalfundur ÍRA 2022; fundargerð og ársreikningur.
- Greinin „Stangarloftnet á HF“.
- FT8 samskiptareglurnar 5 ára.
- Tæknimál.
- Ferðasaga í myndum.
- Félagsmerki ÍRA í 40 ár.
- DX sambönd og öflun staðfestinga.
- SYLRA 2022 í Finnlandi.
- HF sendimagnarar, lampar eða transistorar?
- Minning úr félagsstarfinu frá árinu 2012.
- Viðurkenningar radióamatöra.
- Starfstímabilið 2021/22; fundargerðir stjórnar.
- Loftnetsgreinir til útláns.
- Helstu DX keppnir 2022; mars-júní.
- Ham Radio Friedrichshafen – Dayton Hamvention – Tokyo Hamfair 2022.
- DXCC skráning TF kallmerkja.

4. apríl – CQ WW DX SSB keppnin 2021; úrslit.

Úrslit lágu fyrir 4. apríl 2022 í CQ World Wide DX SSB keppninni sem fram fór 30.-31. október 2021. Keppnisgögn voru send inn fyrir alls 11 TF kallmerki í 6 keppnisflokkum, þar af voru 2 viðmiðunardagbækur (e. *check-log*). Niðurstöður eru birtar í máhefti CQ tímaritsins 2022.

Úrslit í hverjum keppnisflokki eru eftirfarandi; yfir Evrópu (E) og yfir heiminn (H):

Einmenningsflokkur, öll bönd, háafl:

TF2LL – E=45 / H=141.

TF8KY – E=148 / H=145.

TF2CT – E=253 / H=710.

Einmenningsflokkur, öll bönd, háafl, aðstoð:

TF3T – E=32 / H=82.

Einmenningsflokkur, öll bönd, lágafl:

TF2MSN – E=96 / H=186.

TF3VS – E=714 / H=1282.

Einmenningsflokkur, 10m, háafl, aðstoð:

TF3AO – E=59 / H=96.

Einmenningsflokkur, 15m, lágafl, aðstoð:

TF3DC – E=42 / H=88.

Einmenningsflokkur, 20m, lágafl, aðstoð:

TF3JB – E=59 / H=89.

Viðmiðunardagbækur (e. *check-log*):

TF3IRA, TF3SG.

Hamingjuóskir með árangurinn til viðkomandi.

<https://www.cqww.com/>

4. apríl – Bárújárnsveggurinn aftur heill.

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanesi síðdegis 4. apríl. Verkefnið var að þekja bil í bárújárnsveggnum (sem snýr að bílastæðinu) sem ekki gafst tími til að loka 7. mars s.l. þegar hann „brúaði bilið“ í veggnum við loftnetsvirkið.



Sjá má opna bilið í veggnum vinstra megin á myndinni.

Bilið í veggnum var líklega gert þegar Kajakfélagið (í Skeljanesi) útbjó hlið á vegginn sem má greina á myndinni, ca. 4 metrum frá opna bilinu. Þakkir til Georgs fyrir vel unnið verk.



Verkefni vel úr hendi leyst hjá Georg. Nýja bárújárnsplatan sem hylur bilið verður máluð við fyrsta tækifæri. Ljósmyndir: TF3JB.

5. apríl – Vatn flæddi í Skeljanesi.

Borgarstarfsmenn höfðu samband við félagið mánudaginn 5. apríl með upplýsingar þess efnis, að rigningrvatn hafi flætt inn í kjallaranum í Skeljanesi, en



Myndin er tekin þar sem gengið er inn í geymsluherbergi okkar í kjallaranum. Á gólfinu var 5-7cm djúpt rigningrvatn. Ljósmynd: TF3JB.

mikil úrkoma var helgina á undan. Farið var á staðinn og ummerki skoðuð sbr. meðfylgjandi ljósmynd.

Strax og aðstæður leyfa verður tekið til í herberginu og því bjargað sem hægt er.

5. apríl – Vísending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. *cluster*) vikuna 30. mars til 5. apríl. Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 5. apríl.

Alls fengu 20 íslensk kallmerki skráningu að þessu sinni á FT8, RTTY (fjarritun), tali (SSB) og morsi (CW) á 10, 12, 15, 17, 20, 30, 40, 80 og 160 m.

Upplýsingarnar eru fengnar á <http://www.dxsummit.fi/#/> Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samantburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund útgeislunar og band/bönd:

TF1A	FT8 og SSB á 15 og 80 m.
TF1EIN	FT8 á 15 m.
TF1EM	FT8 og SSB á 10, 12, 17, 20, 30 og 160 m.
TF2LL	SSB á 12 og 160 m.
TF2MSN	FT8 og SSB á 10, 15, 80 og 160 m.
TF3AO	RTTY á 20 m.
TF3DT	FT8 á 10 m.
TF3GZ	SSB á 160 m.
TF3IG	SSB á 160 m.
TF3JB	CW á 20 m.
TF3MH	FT8 á 10, 17 og 20 m.
TF3PPN	RTTY á 20 m.
TF3SG	CW á 15 m.
TF3T	SSB á 15 m.
TF3VE	FT8 á 12 og 17 m.
TF3VP	SSB á 80 og 160 m.
TF3WO	SSB á 80 m.
TF3XO	SSB á 20 m.
TF5B	FT8 á 12, 20 og 40 m.
TF8KY	SSB á 15 m.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.



Mathias Hagvaag TF3MH var virkur í vikunni á FT8 á 10, 17 og 20 metrum. Myndin er af fjarskiptaaðstöðu hans. Ljósmynd: TF3MH.

6. apríl – Endurvarpar í Bláfjöllum enn úti.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 6. apríl:

Rafmagnsleysi hrjáir enn VHF/UHF endurvarpana í Bláfjöllum. Unnið er að lausn.

TF1RPB (145.650 MHz).

TF3RPI (439.950 MHz).

TF3RPL (1297.000 MHz).

Eftirfarandi VHF FM endurvarpar eru QRV og í góðu lagi:

TF3RPK Skálafell (145.575 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.

TF3RPA Skálafelli (145.600 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.

TF3RPE Búrfell (145.700 MHz). Næst víða frá Reykjavík og þekur Suðurland að hluta.

TF3RPJ Mýrar (145.750 MHz). Næst vel frá Reykjavík og þekur m.a. Snæfellsnes og Vesturland.

TF5RPD Vaðlaheiði (145.625 MHz). Næst m.a. vel á Akureyri og í nágrenni.

Radíóvitarnir á 4 og 6 metrum eru ennfremur QRV og í góðu lagi:

TF1VHF (70.057 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.

TF1VHF (50.457 MHz). Þekur m.a. Reykjavíkursvæðið, Reykjanes og Vesturland.



Endurvarparnir hafa aðsetur í þessu húsi í Bláfjöllum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

6. apríl – Fréttir af viðtækjum yfir netið.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 6. apríl:

KiwiSDR viðtækin að Galtastöðum í Flóa og í Perlunni í Reykjavík eru virk. Einnig viðtækið á Raufarhöfn, en truflanir hrjá móttökuna þar. Viðtækin á Bjargtöngum úti. Unnið er að lausn.

Galtastaðir í Flóa. KiwiSDR 10 kHz – 30 MHz:

<http://floi.utvarp.com/>

Perlan. Airspy R2 SDR – 24 MHz til 1800 MHz.

<http://perlan.utvarp.com>

Raufarhöfn. KiwiSDR 10 kHz – 30 MHz:

<http://raufarhofn.utvarp.com>

Bjargtangar. KiwiSDR 10 Khz – 30 MHz:

<http://bjarg.utvarp.com>

Stjórn ÍRA.



KiwiSDR viðtækið að Galtastöðum notar loftnet eins og það sem sýnt er á myndinni.

6. apríl – Niðurstöður í YOTA keppninni 2021.

YOTA keppnin 2021 (YOTA 3rd. Round) fór fram 30. desember. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA virkjaði TF3YOTA frá Skeljanesi. Hún hafði alls 187 sambönd. Heildarpunktur voru 25.724.

Alls voru sex keppnisflokkar í boði. Elín keppti í einmenningsflokk á 3 böndum (20-40-80m) og varð í 77. sæti af 368 stöðvum sem sendu inn gögn í þessum flokki.

Þetta var þriðji hluti „YOTA 2021“. Fyrsti hlutinn fór fram 22. maí, annar 18. júlí og loks 30. desember. TF3YOTA var ekki virkjuð í þeim tveimur fyrri árinu.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ tók þátt í 3. hluta YOTA keppinnar 30. desember 2021 frá TF3YOTA í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

YOTA verkefnið „Youngsters on the air“ er sameiginlegt verkefni landsfélaga radióamatöra innan IARU. Verkefnið hófst árið 2018 og hefur ÍRA tekið þátt frá upphafi. Það eru þau Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi félagsins og YOTA verkefnisstjóri og Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN, aðstoðarverkefnisstjóri YOTA sem hafa annast starfræksluna.

6. apríl – Góðar fréttir - TF1RPB QRV á ný.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 6. apríl:

TF1RPB, VHF FM endurvarpinn í Bláfjöllum var tengdur á ný í dag, miðvikudaginn 6. apríl kl. 13:30. (Tækniupplýsingar: 145.650 MHz / -0,6 MHz / Tónstýring: 88,5 Hz).

Bestu þakkir til allra sem komu að verkefninu. Stjórn ÍRA.



TF1RPB VHF FM endurvarpinn í Bláfjöllum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

7. apríl – Frá opnun í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 7. apríl.



Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Jón E. Guðmundsson TF8KW, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Sigmundur Karlsson TF3VE, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID (bak í myndavél) og Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél).

Góð mæting. Hress mannskapur. Mikið rætt um áhugamálið á báðum hæðum. Vel fór út af radiódóti. Margir ætla að taka þátt í Páskaleikunum sem nálgast.



Jón Gunnar Harðarson TF3PPN, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, S. Smári Hreinsson TF8SM og Benedikt Sveinsson TF3T.



Kristján Benediktsson TF3KB, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Vel heppnað fimmtudagskvöld í svölu vorveðri í vesturbænum í Reykjavík og alls 24 félagar í húsi.



Hluti af radiódóttinu sem var í boði fyrir félagsmenn að taka með sér heim. Ljósmyndir: TF3JB.

8. apríl – Páskaleikarnir 2022.

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY setti eftirfarandi tilkynningu inn á heimasíðu ÍRA og á FB síður 8. apríl:

Kæru félagar!

Nú er komið að því sem allir hafa verið að bíða eftir. Það eru að koma Páskar. Það þíðir bara eitt... PÁSKALEIKAR. Greinilegur spennutitringur á tíðnunum. Allir upp með græjurnar, upp á heiðar, fjöll og út í eyjar. Eða bara láta fara vel um sig heima í sjaknum.

Frábært tækifæri til að prófa nýja dótið, eða gamla dótið. Það besta er, það þarf ekki að vera með rándýrar græjur. Einföld handstöð frá Kína er allt sem þarf til að vera með. Oft koma bestu sögurnar frá afrekum með litlum búnaði. Ertu upptekin(n) þessa helgi? Það þarf ekkert endilega að vera „all-in“ alla helgina.

Endilega hoppa inn á tíðnirnar þegar tími gefst. Þetta verður B A R A gaman. Endurvarpar halda áfam að vera með. Endurvarpar koma sem sér band í leikinn. Þetta kryddar leikinn, eykur möguleika handstöðva, örvar notkun endurvarpa og við lærum betur á útbreiðslu þeirra. Gerum þetta með stæl, sýnum hér á facebook hvað við erum virkir amatórar. Allir grobbpóstar úr leiknum kærkomnir. Pósta, pósta og pósta meira.

Eins og venjulega verður “online” leikjavefur þar sem þátttakendur skrá sig til leiks. Hægt verður að skrá sig inn í leikinn allan tímann þangað til leikurinn endar. Slóðin á leikjavefinn er <http://leikar.ira.is/paskar2022>



Hrafnkell Sigurðsson
TF8KY umsjónarmaður
Páskaleika ÍRA.
Ljósmynd: Jón
Svavarsson TF3JON.

Endilega kikið á vefinn, lesið leiðbeiningar og skráið ykkur til leiks. Þetta er ekkert mál. Svo eru allir til í að hjálpa. Óðinn, TF2MSN hefur verið duglegur að hjálpa.

Blásið verður til leiks kl. 18 föstudaginn 15. apríl og leikurinn stendur til kl. 18 sunnudaginn 17. apríl.

Hittumst í loftinu...

23cm, 70cm, 2m, 4m, 6m, 80m og síðast en ekki síst, endurvarpar!

TF8KY.

9. apríl – Af viðtækjum yfir netið.

KiwiSDR viðtækið á Bjargtöngum varð QRV á ný 9. apríl kl. 14. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd ríkti vetrarríki þar um slóðir. Hin viðtækin þrjú eru öll QRV, en truflanir hjá viðtækið á Raufarhöfn.

Bjargtangar (10 kHz-30 MHz): <http://bjarg.utvarp.com/>

Galtastaðir í Flóa (10 kHz-30 MHz): <http://floi.utvarp.com/>

Perlan í Reykjavík (24 – 1800 MHz): <http://perlan.utvarp.com>

Raufarhöfn (10 kHz-30 MHz): <http://raufarhofn.utvarp.com/>

Þakkar til Árna Helgasonar, TF4AH fyrir að koma Bjargtöngum í gagnið á ný.



Bjargtangar 9.
apríl 2022.
Ljósmynd: Árni
Helgason TF4AH.

11. apríl – Páskaleikarnir nálgast.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 11. apríl:

Páskaleikar ÍRA 2022 verða haldnir helgina 15.-17. apríl n.k.

Leikarnir hefjast föstudaginn 15. apríl kl. 18:00 og lýkur eftir tvo sólarhringa, sunnudaginn 17. apríl kl. 18:00.

TF8KY hefur opnað fyrir skráningu og voru 11 TF kallmerki þegar skráð á hádegi í dag (11. apríl). Þetta er „on-line“ leikjavefur og er hægt að skrá sig inn þangað til leikurinn endar. Slóð: <http://leikar.ira.is/paskar2022>
Stjórn ÍRA.



Glæsileg verðlaun verða í boði fyrir fyrst þrjú sætin í leikunum 2022. Myndin er af verðlaunagripum í fyrra (2021). Ljósmynd: TF3JB.

13. apríl – TF3IRA í Páskaleikunum 2022.

Innsetning var gerð á heimasíu og FB síður 13. apríl:

Páskaleikarnir hefjast á föstudag kl. 18:00 og lýkur á sunnudag kl. 18:00. Félagsstöðin TF3IRA verður virkjuð frá Skeljanesi.

Hér með er óskað eftir aðstoð félagsmanna við að virkja stöðina laugardaginn 16. apríl frá kl. 10-16 þegar félagsaðstaðan í Seljanesi verður opin fyrir félagsmenn og gesti.

Félagar sem hafa áhuga á að virkja stöðina að föstudeginum (eftir kl. 18) og á sunnudeginum (til kl. 18) sendi tölvupóst á ira@ira.is

TF8KY hefur opnað fyrir skráningu á leikjavefinn og voru 14 TF kallmerki þegar skráð síðdegis í dag (13. apríl). Þetta er „on-line“ leikjavefur og er hægt að skrá sig inn þangað til leikurinn endar. Slóð: <http://leikar.ira.is/paskar2022>



Félagið fær glænja ICOM IC-9700 100/75/10W 2m/70cm/23cm SSB/CW/SSB stöð að láni til notkunar í páskaleikunum 2022.

16. apríl – TF3IRA í páskaleikunum.

Páskaleikarnir hófust 15. apríl og lauk 17. apríl.

Félagsstöðin TF3IRA var QRV laugardaginn 16. apríl kl. 10-16. Á þessum tíma voru höfð alls 41 samband á 144 MHz (FM og SSB), 433 MHz (FM og SSB) 50 MHz (SSB), 70 MHz (SSB) og 3.6 MHz (SSB og CW).

Opið hús var á sama tíma í Skeljanesi og mættu 12 félagar og 2 gestir og þáðu kaffi og veitingar. Margir voru áhugasamir um að skoða nýju ICOM IC-9700



Fjarskiptaherbergi TF3IRA 16. apríl. ICOM IC-7300 100/100/50W HF/50/70 MHz stöð félagsins var notuð á 50 og 70 MHz SSB og ICOM IC-9700 100/75/10W VHF/UHF lánsstöð frá TF3JB var notuð á 144 og 433 MHz á FM og SSB.

„All Mode“ stöðina sem félagið hafði að láni. En stöðin er 100/75/10W á 2m/70cm/23cm.



ICOM IC-7610 100/100W HF/50 MHz stöð félagsins var notuð á SSB og CW á 80 metrum. Myndir: TF3JB.

Alls voru 18 TF kallmerki skráð í Páskaleikunum síðdegis á laugardag – en í boði er vandaður „on-line“ leikjavefur TF8KY og er hægt að skrá sig inn þangað til leikurinn endar. Slóð: <http://leikar.ira.is/paskar2022>

17. apríl – Góðar fréttir af viðtækjum yfir netið.

KiwiSDR viðtækið á Raufarhöfn komst í lag 16. apríl og vinnur edlilega. Bestu þakkir til Rögnvalds Helgasonar, TF3-055 sem vann verkið í samráði við Georg Kulp, TF3GZ. Hin viðtækin þrjú yfir netið eru einnig í góðu lagi.

Bjargtangar (10 kHz-30 MHz): <http://bjarg.utvarp.com/>
Galtastaðir í Flóa (10 kHz-30 MHz): <http://floi.utvarp.com/>
Perlan í Reykjavík (24 – 1800 MHz): <http://perlan.utvarp.com/>
Raufarhöfn (10 kHz-30 MHz): <http://raufarhofn.utvarp.com/>

Það er vaskur hópur manna sem leggja metnað í að halda viðtækjum yfir netið í gangi (svo ekki sé talað um tíma og fjármuni). Þetta eru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Georg Kulp TF3GZ, Karl Georg Karlsson TF3CZ, Árni Helgason TF4AH (Patreksfirði) og Rögnvaldur Helgason TF3-Ø55 (Raufarhöfn).

Félagið metur þetta framlag mikils og þakkar þessum félagsmönnum fyrir dugnað og elju við að sinna verkefningu. Tilkoma þessara tækja er mikilvæg fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í



Myndin er af stöðvarhúsinu á Rauðarhöfn sem hýsir KiwiSDR viðtækið. Ljósmynd: Rögnvaldur Helgason TF3-Ø55.

Þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radióbýlgna.


18. apríl – Alþjóðadagur radióamatöra.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður:

Alþjóðadagur radióamatöra er 18. apríl. Þann dag árið 1925 voru alþjóðasamtök landsfélaga radióamatöra – International Amateur Radio Union, IARU – stofnuð, fyrir 97 árum. Aðildarfélög voru í upphafi 25, en eru í dag 174 talsins í jafn mörgum þjóðlöndum heims með nær 5 milljónir leyfishafa.

Sérstakt kallmerki ÍRA, TF3WARD, verður virkjað á alþjóðadaginn. Viðskeytið stendur fyrir „World Amateur Radio Day“.

Hamingjuóskir til íslenskra radióamatöra!
Stjórn ÍRA.



18. apríl – TF3WARD QRV.

Kallmerkið TF3WARD (*World Amateur Radio Day*) var sett í loftið frá félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 18. apríl – annan í páskum (Op. TF3JB). Alls var haft 301 QSO á SSB á 3.6 og 14 MHz; þ.á.m. sambönd við TF stöðvar.

Fjöldi DXCC eininga var 32 í 8 CQ svæðum. Þakkir til TF3VS og TF3MH fyrir aðstoð við innsetningu í fjarskiptadagbók og á LoTW. QSL kort á pappír má fá hjá TF3MH.

19. apríl – Vel heppnaðir páskaleikar.

Páskaleikum félagsins 2022 lauk á páskadag kl. 18:00. Þátttaka var góð, en alls var 21 kallmerki skráð til leiks og 18 hafa sent inn dagbókarupplýsingar þegar þetta er skrifað.

Kerfið verður opið til að gera leiðréttingar til miðnætis 24. apríl. Eftir það munu endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

Þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY, umsjónarmanns Páskaleikanna fyrir vel heppnaðan viðburð, frábæran gagnagrunn og framúrskarandi gott utanumhald.



19. apríl – Málað utanhúss í Skeljanesi.

Drifið var í að mála trévegginn við innganginn í Skeljanesi þar sem kallmerki félagsstöðvarinnar er fest (sbr. ljósmynd) 18. apríl enda vorveður í lofti, logn og 9°C hiti. Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 átti ekki heimangengt, en var með í ráðum þegar hressir félagar mættu á staðinn eftir hádegið og unnu gott verk, samanber meðfylgjandi ljósmynd. Bestu þakkir til viðkomandi.



Málningavinnu lokið 18. apríl eftir tvær umferðir og aðkoman mun snyrtilegri að húsinu.

20. apríl – Sumarkveðjur til félagsmanna.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 20. apríl:



Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verður lokuð fimmtudaginn 21. apríl sem er sumardagurinn fyrsti.

Næsti opnunardagur er fimmtudagur 28. apríl.

Bestu óskir til félagsmanna og fjölskyldna þeirra um gleðilegt sumar!

Stjórn ÍRA.

21. apríl – Sumarið er loftnetatími.

Veðrið framan af árinu 2022 var ekki alltaf heppilegt til loftnetavinnu þegar tími gafst á frídögum eða um helgar. En á sumardaginn fyrsta, 21. apríl mætti Georg Kulp, TF3GZ í Skeljanes og gekk endanlega frá hálfbylgjuloftneti félagsstöðvarinnar fyrir 160 metra bandið.



Georg Kulp TF3GZ.

Georg hafði flutt 6 metra langt vatnsrör á staðinn 28. nóvember (2021) og þann dag og 4. desember fór tími í að eigintíðnistilla loftnetið og var loftnetsvírinn festur í 4 metra hátt vatnsrör. Þegar þeirri vinnu var lokið þurfti frá að hverfa (4. desember) vegna þess að myrkur var að skella á.

Aðstæður voru hins vegar ákjósanlegar 21. apríl, logn og 10°C hiti þegar hafist var handa og kom Georg fyrir 6 metra rörinu með áfastri talíu til að hægt verði að slaka vírnum niður ef aðstæður kalla á. Þar með er verkefnið í höfn. Sérstakar þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir frábært vinnuframlag.



TF3GZ vinnur við eigintíðnistillingu 160 metra loftnets TF3IRA 4. desember 2021. Ljósmynd: TF3JB.

23. apríl – Viðtæki yfir netið í góðu lagi.

KiwiSDR viðtækið á Galtastöðum í Flóa var uppfært 23. apríl. Yfirlitt er um að ræða sjálfvirkar hugbúnaðaruppfærslur, en Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A sagði að leita hafi þurft til framleiðandans með aðstoð að þessu sinni. Öll viðtækin fjögur yfir netið eru nú í góðu lagi.

- Bjargtangar (10 kHz–30 MHz): <http://bjarg.utvarp.com/>
 - Galtastaðir í Flóa (10 kHz–30 MHz): <http://floi.utvarp.com/>
 - Perlan í Reykjavík (24–1800 MHz): http://perlan.utvarp.com
 - Raufarhöfn (10 kHz–30 MHz): <http://raufarhofn.utvarp.com/>
- Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A.



Myndin er af KiwiSDR viðtæki eins og notað er í Flóanum.

27. apríl – Námskeið til amatörprófs hálfnað.

Námskeið ÍRA til amatörprófs sem hófst 28. mars var hálfnað miðvikudaginn 27. apríl. Það var 9. kennslukvöldið og sá Vilhjálmur Þór Kjaransson, TF3DX um kennslu þar sem m.a. var fjallað um tíðni, bjögun og yfirsveiflur.



Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík í stað- og fjarnámi. Nemendur eru bæði í skólastofu í HR og í netsambandi, m.a. frá Raufarhöfn, Sauðárkróki, Súðavík, Hvolsvelli, Þorlákshöfn og höfuðborgarsvæðinu.

Miðvikudagurinn 18. maí verður síðasta kennslukvöldið, sem er upprifjun auk þess sem farið verður yfir eldri próf.

Þann 25. mars var skipt um forrit til notkunar yfir netið, en frá þeim tíma hefur verið notað forritið Zoom í stað Google Meet. Bestu óskir um gott gengi og þakkir til allra sem koma að verkefninu.

27. apríl – Páskaleikar ÍRA 2022, úrslit.

5. páskaleikar félagsins fóru fram 15.-17. apríl. Alls var 21 kallmerki skráð til leiks en 18 sendu inn dagbókarupplýsingar. Eftirfarandi þrjú félagsmenn voru með bestan árangur:

1. sæti Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY – 88.256 heildarstig.
2. sæti Andrés Þórarinnsson, TF1AM – 85.400 heildarstig.
3. sæti Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN – 52.624 heildarstig.

Hamingjuóskir til TF8KY, TF1AM og TF2MSN fyrir verðskuldaðan árangur sem og til félagsmanna fyrir góða þátttöku.



Sérstakar þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY, umsjónarmanns Páskaleikanna fyrir vel heppnaðan viðburð, frábæran gagnagrunn og framúrskarandi gott utnumhald.

Sjá nánar sérstakra umfjöllun um páskaleikana annarsstaðar í blaðinu.

28. apríl – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. *cluster*) vikuna 21.-27. apríl.

Alls fengu 24 íslensk kallmerki skráningu að þessu sinni á FT4, FT8, RTTY (fjarritun), tali (SSB) og morsi (CW) á 10, 12, 15, 17, 20, 30, 40, 60 og 80 metrum.

Upplýsingarnar eru fengnar á <http://www.dxsummit.fi/#/> Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samamburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund-/ir útgeislunar og band/bönd:

TF1A	FT8 á 15, 17 og 20 m.
TF1EIN	FT8 á 17, 20 og 60 m.
TF1EM	FT8 á 15 og 17 m.
TF1JI	SSB á 60 og 80 m.
TF1OL/P	FT4 á 20 m.
TF2LL	SSB á 60 m.
TF2MSN	FT4, FT8 og SSB á 12, 15, 17 og 20 m.
TF3AO	RTTY á 20 m.
TF3DT	FT8 á 20 m.
TF3JB	FT8 á 20 m.
TF3LB	CW og FT8 á 15, 20 og 40 m.
TF3MH	FT8 á 15 m.
TF3PPN	FT8 á 20 m.
TF3T	SSB á 12 m.
TF3VE	FT8 á 20 og 60 m.
TF3VG	FT8 á 15 og 17 m.
TF3WK	CW á 20 m.
TF3XO	SSB á 20 og 80 m.
TF5B	FT8 á 15 og 20 m.
TF6JZ	SSB á 17 m.
TF7DHP	SSB á 80 m.
TF8KY	SSB á 20 og 40 m.
TF8SM	SSB á 40 m.
TF/EA5Q	FT8 á 17 og 20 m.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.



Mynd af færanlegri fjarskiptaadstöðu Ómars Magnússonar TF3WK 27.4.2022 við Mývatn. Ljósmynd: TF3WK.

29. apríl – Frá opnun félagsaðstöðunnar 28. apríl.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 28. apríl.



Jón G. Guðmundsson TF3LM, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Ágúst H. Bjarnason TF3OM og Þórður Adolfsson TF3ID.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður yfir Folgers kaffi og bakkelsi.

Mikið var rætt um páskaleikana nýverð og áhugaverðar umræður um tæki, búnað og tæknina. Margir eru í loftnetahugleiðingum þetta vorið.



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Þórður Adolfsson TF3DT, Mathías Hagvaag TF3MH og Georg Magnússon TF2LL.

Vel heppnað fimmtudagskvöld í hlýju vorveðri í vesturbænum í Reykjavík og alls 16 félagar í húsi.



Mathías Hagvaag TF3MH, Georg Magnússon TF2LL, Ársæll Óskarsson TF3AO og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. Ljósmyndir: Georg Kulp TF3GZ.

30. apríl – Friedrichshafen á ný 2022.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 30. apríl:

Stærsta sýningin í Evrópu fyrir radióamatöra, HAM RADIO í Friedrichshafen í Þýskalandi verður haldin 24.-26. júní n.k. Viðburðurinn féll niður s.l. 2 ár vegna faraldursins.

Ýmsir möguleikar bjóðast á flugi frá Íslandi, t.d. til Frankfurt (FRA), München (MUC) og Zürich (ZRH), auk þess sem í boði eru tengiflug til Friedrichshafen (FDH), m.a. frá Frankfurt.

A.m.k. 14 íslenskir radióamatörar (auk maka) heimsóttu sýninguna þegar hún var síðast haldin sumarið 2019. Frásögn frá ferðinni má lesa í 4. tbl. CQ TF 2019; bls. 25-29.

Vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-4-2019>

Ástæða er til að benda félagsmönnum í ferðahug á að athuga með pöntun á flugi og gistingu.

1. maí – Dayton Hamvention á ný 2022.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 1. maí:

Stærsta sýningin í Norður-Ameríku fyrir radióamatöra, DAYTON HAMVENTION í Dayton í Ohio í Bandaríkjunum verður haldin 20.-22. maí n.k. Viðburðurinn féll niður s.l. 2 ár vegna faraldursins.

Ýmsir möguleikar bjóðast á flugi frá Íslandi og vísat nánar á ferðavefi á netinu.

Frásögn af sýningum fyrir radióamatöra, þ.á.m. um Dayton Hamvention má lesa í 3. tbl. CQ TF 2018; bls. 33-39.

Vefslóð:

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2018/10/cqtf_32_arg_2018_03tbl.pdf

Ástæða er til að benda félagsmönnum í ferðahug á að athuga með pöntun á flugi og gistingu.



Dayton Hamvention sýningin er haldin í Greene County Fairgrounds and Expo Center í Xenia í Ohio.

2. maí - CQ WW DX CW keppnin 2021, úrslit.

CQ World Wide DX keppnin á morsi fór fram helgina 27.-28. nóvember 2021. Alls bárust 8.613 dagbækur til keppnisnefndar samanborið við 9.107 dagbækur í SSB hluta keppinnar. Heildarniðurstöður verða birtar í júníhefti CQ tímaritsins.

Keppnisgögn voru send inn fyrir 9 TF kallmerki í 2 keppnisflokkum, auk viðmiðunardagbóka (*check-log*). Úrslit í hvorum keppnisflokki eru eftirfarandi; yfir Evrópu (E) og yfir heiminn (H):

Einmenningsflokkur, öll bönd, háafl, aðstoð:

TF3SG	(1563Q)	E=170 / H=365
TF3DC	(178Q)	E=477 / H=996
TF1AM	(391Q)	E=499 / H=1114

Einmenningsflokkur, öll bönd, lågafl.

TF3VS	(373Q)	E=315 / H=511
TF3EO	(325Q)	E=421 / H=686
TF8KY	(99Q)	E= 668 / H=1147

Viðmiðunardagbækur (e. *check-log*):

TF3AO, TF3JB og TF3W.

Hamingjuóskir til viðkomandi.


Stjórn ÍRA.

-



Myndin sýnir hluta sýningarsvæðisins (í einum sal af fjórum) sem hýsir flóamarkaðinn í Friedrichshafen, þar sem leyfishafar alls staðar að úr Evrópu koma með eldri (eða jafnvel nýjan búnað) og bjóða til sölu. Ljósmynd: TF3JB.

Stöplariði sýnir fjölda innsendra keppnisdagbóka í morshluta keppinnar yfir heiminn 1948-2017. Rauðlituðu tölurnar við valda stöpla sýna fjölda innsendra dagbóka það ár. Dæmi: 1948 = 558 dagbækur og 2017 = 8.450 dagbækur. Heimild: CQ tímaritið.



Fyrir áhugasama má benda á fróðlega grein um CQ WW DX keppnina sem birtist í tilefni 70 ára afmælis hennar í 2. tbl. CQ TF 2018. M.a. eru upplýsingar um árangur allra TF kallmerkja í keppinni frá upphafi (1948-2017). Vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-2-2018>

5. maí – Frá opnun í félagsaðstöðunni.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 5. maí.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður. Sérstakur gestur okkar var Ómar Magnússon, TF3WK (OZ1OM) sem er á landinu um þessar mundir. Hann sýndi okkur m.a. Chamelion ferðalofnet sem hann hefur notað með ágætum árangri undanfarið, m.a. frá Mývatni. Ómar er búsettur í Odense í Danmörku.



Mathías Hagvaag TF3MH, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Ómar Magnússon TF3WK/OZ1OM og Valtýr Einarsson TF3VG.

Ágæt skilyrði voru á HF böndunum og var félagsstöðin virkjuð samtímis á 20 metrum (TF3WK) og á 40 metrum (TF3VG). Vel heppnað fimmtudagskvöld í vorveðri í vesturbænum í Reykjavík og alls 15 félagar í húsi.



Ómar í sambandi við félagana í Odense frá TF3IRA.

7. maí – Stafvarpar og Internetgáttir

APRS-IS kerfið hefur verið í uppbyggingu um nokkurra ára skeið. Í fyrrasumar kom nýr APRS stafvarpi til sögunnar þann 8. ágúst; TF1SS-1 á Úlfjótssfjalli, auk þess sem unnið var við loftnet og búnað TF8APA á Þorbirni og TF3IRA-1Ø í Skeljanesi.



Þessi skúr er á Úlfjótssfjalli, í 248 m. hæð yfir sjávarmáli. Hann hýsir APRS búnað TF1SS-1. Staðsetning er með útsýni er til allra átta. Ljósmynd: Guðmundur Sigurðsson TF3GS.

QRG (MHz)	STAÐUR	KALLMERKI	TEGUND	HNIT	EIGANDI
144.800	Búrfell, 669 m. yfir sjó	TF1APA	Stafvarpi	IP04cb	TF1MT
144.800	Reynisfjall, 340 m. yfir sjó	TF1APB	Stafvarpi	HP93lw	APRS hópurinn
144.800	Landeyjar	TF1MT-1	Stafvarpi/gátt	HP93wo	TF1MT
144.800	Reykjavík (Skeljanes)	TF3IRA-1Ø	Stafvarpi/gátt	HP94ad	ÍRA
144.800	Reykjavík (Hraunbær)	TF3RPF	Stafvarpi	HP94cc	TF3JA
144.800	Akureyri (Kjarnaskógur)	TF5SS	Stafvarpi/gátt	IP05wp	APRS hópurinn
144.800	Þorbjarnarfell, 244 m. yfir sjó	TF8APA	Stafvarpi	HP83su	ÍRA
144.800	Úlfjótssfjall, 248 m. yfir sjó	TF2SS-1	Stafvarpi	IP14ej	APRS hópurinn

Það er APRS hópurinn sem vann að þessu verkefni líkt og fyrri ár. Það eru einkum þeir Magnús Ragnars-son TF1MT, Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Jón Þ. Jónsson TF3JA, Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT og Árni Þór Ómarsson TF3CE. Öll vinna er unnin í sjálfböðavinnu, en ÍRA hefur kostað hluta af búnaði úr félagssjóði, m.a. Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigi. Í töflunni hér að fram- an eru upplýsingar um búnaðinn. Þakkir til APRS hópsins fyrir góð störf að þessu áhugaverða verkefni.

9. maí – TF1VHF vitarnir QRV í fjögur ár.

Stórvirki var unnið á vettvangi áhugamáls okkar fyrir fjórum árum þegar tveir nýir radióvitur voru settir í loftið þann 12. maí 2018. Þeir vinna á 50.457 MHz á 6 metrum og 70.057 MHz á 4 metrum. QTH er Álftanes á Mýrum. Til hagræðis er notað sama kallmerki, TF1VHF. Merki heyrast vel í Reykjavík, um Suðurnes, austur fyrir fjall, um Snæfellsnes og um Vesturland og til útlanda.

Mikill áhugi varð strax á vitunum bæði innanlands sem utan. Verkefnið var í raun eitthvað sem hafði verið beðið eftir lengi. Nú voru í fyrsta skipti í boði stöðug merki á 6 metrum og 4 metrum (allan sólar- hringinn) þegar menn gerðu tilraunir í þessum tíðni- sviðum.

Ólafur B. Ólafsson, TF3ML annaðist uppsetningu búnaðar, fjármagnaði verkefnið og stóð straum af öllum kostnaði. Ólafur hefur, eins og kunnugt er, einnig unnið frábært starf undanfarin ár við uppbygg- ingu endurvarpa í VHF og UHF tíðnisviðunum í Blá- fjöllum, á Skálafelli og á Mýrum.

Þakkir til Ólafs fyrir frábært framlag til áhuga- málsins.

Loftnetsturninn í Álftanesi á Mýrum sem hýsir loftnetin fyrir TF1VHF. Loftnetið fyrir 50 MHz er í 26 metra hæð og fyrir 70 MHz er í 16 metra hæð. TF3ML, TF3SUT, TF1A og TF3-Ø33 önnudust frágang búnaðar ásamt TF3ML. Ef vel er að gáð má sjá Samúel, TF3SUT, uppi í turninum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.



11. maí – DXCC skráning TF kallmerkja.

Upplýsingar liggja fyrir um a.m.k. 23 íslensk kall- merki sem hafa sótt um og fengið DXCC viður- kenningar til þessa dags. Fyrir 15. maí 2020 var vitað um 17 TF kallmerki en þann dag fundust heimildir um 5 til viðbótar. Frá þessu var sagt í 3. tbl. CQ TF 2020, bls. 14. Vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-2020-3>

DXCC skráning TF kallmerkja		DXCC
Kallmerki með virka skráningu á DXCC lista ARRL 10. maí 2022; yfirlitsbláð. ¹		
DXCC MIXED		DXCC 40 METRAR
344 TF3Y	202 TF3SG	216 TF3DC
326 TF3DC	185 TF4M	187 TF8GX
318 TF4M	167 TF2LL	139 TF4M
309 TF8GX	165 TF5B	137 TF5B
295 TF5B	139 TF3VS	125 TF2LL
273 TF2LL	130 TF3DT	121 TF3JB
261 TF3JB	130 TF8GX	116 TF3VS
253 TF3SG	126 TF3JB	
221 TF3IRA	108 TF1A	DXCC CHALLENGE
220 TF3VS		1766 TF3DC
187 TF3DT		1554 TF4M
187 TF3G	DXCC 30 METRAR	1405 TF3Y
180 TF1A	196 TF3DC	1366 TF3JB
152 TF3MH	179 TF3JB	1313 TF8GX
116 TF3EK	168 TF3Y	1302 TF5B
	162 TF4M	1056 TF2LL
	150 TF5B	1036 TF3VS
	145 TF3VS	
	119 TF1A	DXCC HONOR ROLL - MIXED
	114 TF3DT	344 TF3Y
	104 TF3MH	
DXCC PHONE		5BDXCC
290 TF8GX		TF3DC Og 12, 17 og 30 metrar
283 TF5B	DXCC 20 METRAR	TF3JB Og 12, 17 og 30 metrar
238 TF4M	277 TF5B	TF3Y Og 12, 17 og 30 metrar
185 TF3IRA	275 TF8GX	TF4M Og 12, 17, 30 og 160 metrar
179 TF3JB	251 TF4M	
157 TF3SG	238 TF3JB	
145 TF1A	234 TF2LL	
140 TF3DT	233 TF3VS	
133 TF3G	187 TF3G	
101 TF3VS	172 TF3G	
	144 TF1A	DXCC MIXED, ÖVIK SKRÁNING
DXCC CW	141 TF3DT	349 ^{*)} TF3SV (TF3SV/TF3C)
324 TF3Y	113 TF3MH	226 TF3M
316 TF3DC		106 TF2WLC
305 TF4M		--- TF3AR
242 TF3SG	DXCC 17 METRAR	--- TF3EA (ø412; 8.3.1949; 110)
239 TF8GX	242 TF3DC	--- TF3F
238 TF3JB	196 TF3Y	--- TF3ZM
195 TF3IRA	181 TF3JB	--- TF5TP
158 TF3VS	161 TF5B	
141 TF3G	151 TF3VS	^{*)} Övirk skráning á DXCC HONOR ROLL - MIXED
	149 TF2LL	
DXCC RTTY/DIGITAL	148 TF4M	DXCC 6 metrar
216 TF5B	132 TF8GX	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)
202 TF3VS	124 TF1A	
194 TF3JB	105 TF3DT	DXCC 2 metrar
174 TF3DC	102 TF3MH	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)
163 TF1A		DXCC 70 Sentimetrar
163 TF3DT	DXCC 15 METRAR	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)
147 TF3MH	216 TF5B	
141 TF3Y	215 TF8GX	
114 TF3EK	167 TF2LL	DXCC Satellite
112 TF3IRA	167 TF4M	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)
108 TF4M	154 TF3VS	
	149 TF3JB	
160 METRAR	118 TF1A	
240 TF4M	103 TF3MH	
156 TF3SG	100 TF3DT	
DXCC 80 METRAR	DXCC 12 METRAR	
229 TF3SG	207 TF3DC	
134 TF4M	144 TF3Y	
114 TF3DT	142 TF3JB	
109 TF3JB	134 TF4M	
108 TF1A	116 TF5B	
	110 TF8GX	

TF kallmerki með DXCC skráningu: Virk skráning (15): TF1A, TF2LL, TF3DC, TF3DT, TF3EK, TF3G, TF3IRA, TF3JB, TF3MH, TF3SG, TF3VS, TF3Y, TF4M, TF5B og TF8GX. Övirk skráning (3): TF3IM, TF3SV og TF2WLC. Eldri kallmerki með övirk skráningu (5): TF3AR, TF3EA, TF3SG, TF3ZM og TF5TP.


Svo skemmtilega vill til, að DXCC viðurkenningar- skjál Einars Pálssonar, TF3EA (1914-1973) fannst í fórum félagsins við tiltekt vorið 2021. Það var gefin út 8. mars 1949, er númer 412 og er fyrir „Mixed“ DXCC ásamt uppfærslumiða í 110 einingar sama dag. Líkur benda til, að DXCC viðurkenning TF3EA hafi verið sú fyrsta sem gefin var út til íslensks leyfishafa.

Einar virðist hafa verið virkur strax/fljótlega eftir útgáfu leyfisbréfs, en fyrsta reglugerðin um starfsemi radióamatöra var gefin út af Póst- og símamálastjórn- inni 7. febrúar 1947. Til marks um virkni Einars, geta heimildir m.a. um að hann hafi tekið þátt í fyrstu CQ

World Wide DX keppninni árið 1948 (bæði í tal- og morshlutunum). Þess má geta, að TF3EA var handhafi leyfisbréfs nr. 1 á Íslandi, var fyrsti formaður ÍRA og fyrsti heiðursfélagi ÍRA.


11. maí – TF3T þátttakandi í WSPRnet frá TF.

Benedikt Sveinsson, TF3T tilkynnti á FB síðu félagsins 11. maí að hann hafi verið í sambandi við Roland, HB9VQQ um uppsetningu HF WSPR radióvita hér á landi.



Benedikt TF3T

Roland hafði upphaflega samband við félagið í fyrra (2021) og var erindi hans birt á bls. 41 í 3. tbl. CQ TF sem kom út í júlí 2021. Hann hafði á ný samband þann 9. maí og lýsti yfir ánægju með sambandið við Benedikt, enda væri þátttaka frá TF mikilvæg fyrir WSPRnet hópinn vegna rannsókna á fjarskiptaskilyrðum. Þakkir til Benedikts fyrir þátttöku í þessu áhugaverða verkefni.



The Weak Signal Propagation Reporter Network

Eftirfarandi tölvupóstur barst til félagsins þann 21. maí s.l. Áhugasamir geta haft samband við Roland, HB9VQQ. Tölvupóstfang hans: roland@hb9vqq.ch

We are reaching out to you because we are looking for [radio amateurs] / Amateur Radio Groups around the world that are interested to run a synchronized and permanent HF WSPR Beacon as part of our Intl. WSPR Beacon Project to study weak Signal HF Propagation paths on a global scale. You are invited to have a look at the Project website at <https://github.com/HB9VQQ/WSPRBeacon> for further details.

If you are interested to run such a WSPR Beacon we would be more than happy to welcome you to the Project and be part of the Program. The only requirements we have are as follows:

- you need to provide a vertical omnidirectional Antenna, covering 80, 40, 20, 15 and 10m.
- you need to be willing to run the Beacon 24x7x365.
- you need to purchase one of our purpose built WSPR Beacons available in June 2021.
- required Permissions from local authorities to run a unattended Beacon.

Thanks for now and hope to hear from you soon.

V/ 73 de Roland, HB9VQQ

Um fjöllumin í 3. tbl. CQ TF 2021.

12. maí – Frá opnun í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 12. maí.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður. Mikið rætt um skilyrðin, loftnet, fæðilínur og búnað. Einnig rætt um CQ WW WPX keppnina á morsi 28.-29. maí n.k.



Fjölmennt við stóra fundarborðið. Kristján Benediktsson TF3KB, Mathías Hagvaag TF3MH, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Benedikt Sveinsson TF3T, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Sigurður Eliasson TF3-044.



Vel hefur gengið út af radiódóti, en nokkuð ennfremur bæst við bæði í fundarsal og niðri. Meira er væntanlegt á næstunni. Ljósmyndir: TF3JB.

Félagar á báðum hæðum. Haft var m.a. samband við DX leiðangurinn VU4W (Andaman Islands) á morsi frá félagsstöðinni. Stór sending af QSL kortum hafði borist, m.a. 4 kg frá Japan.

Vel heppnað fimmtudagskvöld í svölu vorveðri í vesturbænum í Reykjavík og alls 17 félagar í húsi.

13. maí – Gjafir til félagsins.

ÍRA barst í dag, 13. maí, eftirfarandi þrjú mælitæki að gjöf.

- Audio Generator frá Potomatic Instruments, Inc., gerð AG-51. Tækið er nýtt og ónotað.
- Audio Analyzer, frá Potomatic Instruments, Inc., gerð AA-51A. Tækið er nýtt og ónotað.
- Test Oscillator frá Stanford Electronics, Inc., gerð AN/PRM-10. Tækið er í góðu lagi.

Gefandi er félagsmaður sem óskar eftir að láta nafns síns ekki getið. Stjórn ÍRA þakkar nýtsamar gjafir og hlýjan hug til félagsins.



Tekið var á móti gjöfimi í félagsaðstöðunni í Skeljanesi síðdegis 13. maí. Ljósmynd: TF3JB.

13. maí – Auknar aflheimildir á 50 MHz.

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FST) 13. maí við ósk félagsins um endurnýjun aukinna heimilda á 6 metra bandi.

Fjarskiptastofa veitir íslenskum leyfishöfum auknar aflheimildir í 50-50,5 MHz tíðnisviðinu á 6 metrum frá og með 1. júní 2022. Gildistími er 4 mánuðir eða til 31. september. G-leyfishafar fá heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W.

Eftirfarandi skilyrði eru lögð til grundvallar: (1) Hámarks bandbreidd sendinga er 18 kHz; (2) Engin skilyrði hvað varðar mótun; (3) Heimild er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax; (4)



Úr fjarskiptaherbergi TF3IRA í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.
Ljósmynd: TF3JB.

Æskilegt er að sendingar fari fram utan byggðar; og (5) Ákvörðun um framlengingu verður tekin síðar.

Leyfishafar þurfa að sækja sérstaklega um heimild hjá FST á sama hátt og verið hefur t.d. um 70 MHz tíðnisviðið. Póstfang: hrh(hjá)fjarskiptastofa.is Tilgreina skal að sótt sé um aukið afl á 50 MHz.

Stjórn ÍRA fagnar þessari heimild.

14. maí – Ívar S. Þorsteinsson, TF3IS er látinn.

Ívar Sigurður Þorsteinsson, TF3IS hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað.

Samkvæmt dánartilkynningu sem birtist í Fréttablaðinu í dag, 14. maí lést hann 11. maí s.l. Hann var á 78. aldursári og handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 75.

Um leið og við minnumst Ívars með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innilegustu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd stjórnar ÍRA, Jónas Bjarnason TF3JB, formaður.

17. maí – Amatörpróf laugardag 21. maí.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 17. maí:

Próf Fjarskiptastofu (FST) til amatörleyfis verður haldið í stofu HR V107 í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 21. maí 2022, samkvæmt eftirfarandi:

10:00 – 12:00 Raffræði og radiótækni.

13:00 – 14:00 Reglur og viðskipti.

14:30 – Prófsýning.

Prófið er opið öllum og því ekki er nauðsynlegt að hafa setið námskeið til undirbúnings. Fyrirspurnir eru velkomnar á netfangið ira(hjá)ira.is Aðrir en þeir sem hafa setið yfirstandandi námskeið félagsins eru beðnir um að skrá sig hjá ÍRA í tölvupósti ekki síðar en 18. maí.

Prófað verður bæði á íslensku og ensku. Komið verður til móts við þátttakendur úti á landi með prófstað í (eða nærri) heimabyggð.

Eftirfarandi úrræði (annað eða hvoru tveggja) eru í boði ef um þau er beðið ekki síðar en 18. maí: (a) Litaður pappír, fölgrænn eða drapplitur og (b) stækkun í A3.

Senda þarf tölvupóst á Kristinn Andersen TF3KX: kristinn1(hjá)gmail.com

1) Notið einfaldar reiknivélar, sem augljóslega geta ekki geymt gögn.

2) Hafid með ykkur blýanta, strokleður og reglustiku (!) sem hentar reiknigrafi.

3) Endanleg einkunn kemur frá PFS á uppgefið netfang, annars heimilisfang.

4) Gætið þess að hvoru tveggja sé greinilega skrifað.

5) Rissblöðum er ekki útbýtt, notið auðu hliðar prófblaðanna.

Með ósk um gott gengi,

Prófnefnd ÍRA.

19. maí – Opnun í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 19. maí. Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum.

Sérstakur gestur félagsins var Helgi Jóhannesson, rafeindavirki á Akureyri. Hann á m.a. eitthvert stærsta safn útvarpsviðtækja hér á landi.



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Helgi Jóhannesson. Fjær, í fjarskiptaherbergi TF3IRA, Þórður Adolfsen TF3DT.

Mikið var rætt um heimasmiðar, tækin, skilyrðin, loftnet og búnað, m.a. RF magnara. Einnig rætt um CQ WW WPX keppnina á morsi sem nálgast, verður 28.-29. maí n.k.

Vel heppnað fimmtudagskvöld í hlýju vorveðri í vesturbænum í Reykjavík. Alls 20 félagar og 1 gestur í húsi.



Eiður Kristinn Magnússon TF1EM, Lárus Baldursson TF3LB og Georg Magnússon TF2LL.

*Þátttakendur í prófi
FST til amatörleyfis kl.
10 að morgni
laugardagsins 21. maí
Háskólanum í
Reykjavík þegar
prófgögnum var dreift.*



21. maí – Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis.

Próf Fjarskiptastofu (FST) til amatörleyfis fór fram í Reykjavík, Sauðárkróki og Raufarhöfn laugardaginn 21. maí.

Prófnefnd ÍRA annaðist framkvæmd í Reykjavík að viðstöddum fulltrúa Fjarskiptastofu, en Sigurður Sigurðsson, TF9SSB og Olga Friðriksdóttir önnuðust framkvæmd á Sauðárkróki og á Raufarhöfn. Prófað var í raffræði og radiótækni og reglum og viðskiptum. Prófið hófst kl. 10 árdegis og lauk með prófsýningu kl. 15. Bæði prófin voru skrifleg.



Kristinn Andersen TF3KX annaðist prófsýningu sem hófst kl. 15:00.

Alls þreyttu 12 prófið. Í raffræði og radiótækni náðu 11 fullnægjandi árangri, 9 til G-leyfis og 2 til N-leyfis. Í reglum og viðskiptum náðu allir 12 þátttakendur fullnægjandi árangri, þar af 10 til G-leyfis og 2 til N-leyfis. Nánar verður skýrt frá niðurstöðum á heimasíðu ÍRA strax og þær berast frá FST í byrjun næstu viku.

Fulltrúar prófnefndar í Háskólanum í Reykjavík: Kristinn Andersen, TF3KX formaður nefndarinnar, Einar Kjartansson TF3EK og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS. Fulltrúi Fjarskiptastofu: Bjarni Sigurðsson, verkfræðingur. Fulltrúar stjórnar: Jón Björnsson, TF3PW umsjónarmaður námskeiða ÍRA og Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA.

Stjórn ÍRA færir Jóni Björnssyni, TF3PW umsjónarmanni námskeiðsins og leiðbeinendum þakkir fyrir vel unnin störf. Það sama á við um Kristinn Andersen, TF3KX formann prófnefndar og prófnefndarmenn, sem sinntu störfum faglega og af alúð. Þá er Bjarna Sigurðssyni, fulltrúa Fjarskiptastofu þökkuð fagleg aðkoma að verkefninu.

Síðast, en ekki síst, innilegar hamingjuóskir til nýrra leyfishafa.



Mennirnir sem báru hitann og þungann af verkefni dagsins: Frá vinstri: Kristinn Andersen TF3KX formaður Prófnefndar ÍRA, Jón Björnsson TF3PW umsjónarmaður námskeiða ÍRA, Einar Kjartansson TF3EK prófnefnd ÍRA, Bjarni Sigurðsson fulltrúi Fjarskiptastofu og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS ritari prófnefndar. Ljósmynd 1: TF3PW, myndir 2 og 3: TF3JB.

23. maí – Radiódót; gjöf frá TF3WS.

Sigurður Harðarson, TF3WS mætti í Skeljanes 23. mars og færði félaginu margskonar radiódót 23. maí. Meðal annars aflagjafa frá Landsíma Íslands, Motorola



Sigurður Harðarson TF3WS við tækin sem raðað var upp í ganginum í Skeljanesi. Ljós.: TF3JB.

Micom 100 SSB HF bílstöðvar (125W á 1.6-30 MHz), Motorola UHF bílstöðvar, VHF bílstöðvar af ýmsum gerðum, með/án hljóðnema og Pye VHF móðurstöð með innbyggðum aflugjafa. Bestu þakkir til Sigurðar fyrir hugulemina.

23. maí – Radiódót; gjöf frá TF3FG

Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG færði félaginu radiódót og símtæki 19. maí. Þakkir til Hans Konrads fyrir hugulemina.

23. maí – Sýningartjald; gjöf frá NN.

Ónefndur félagsmaður sem ekki vill láta nafns síns getið færði félaginu að gjöf sýningartjald að gjöf 23. maí. Það er LUMA Projection Screen, 188 cm á breidd.

Sýningartjaldið kemur í góðar þarfir og í stað annars sem hefur verið í láni frá því í desember 2018. Þakkir til NN fyrir hugulemina.

24. maí – Upplýsingaskilti í Skeljanesi.

Lengi hefur vantað upplýsingaskilti við inngang í húsið í Skeljanesi, þar sem settar eru fram upplýsingar um opnunardaga og opnunartíma félagsaðstöðunnar. Úr þess var bætt 24. maí samanber meðfylgjandi ljósmynd. Upplýsingar eru bæði á íslensku og ensku.

Ennfremur er birt GSM símanúmer sem hringja má í ef gestur/gestir þurfa að hafa samband við félagið.



Þriðja upplýsingaskiltið var sett upp við inngang í fundarsalinn á 2. hæð. Ljósmynd: TF3JB.

24. maí – Niðurstaða úr prófi til amatörleyfis.

Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis fór fram í Háskólanum í Reykjavík, á Sauðárkróki og á Raufarhöfn laugardaginn 21. maí.

Alls þreyttu tólf prófið. Í raffræði og radiótækni náðu 11 fullnægjandi árangri, 9 til G-leyfis og 2 til N-leyfis. Í Reglum og viðskiptum náðu allir 12 þátttakendur fullnægjandi árangri, þar af 10 til G-leyfis og 2 til N-leyfis.

Antonia Sabrina Stevens, 200 Kópavogur (G-leyfi).

Ágúst Sigurjónsson, 221 Hafnarfjörður (G-leyfi).

Björn Ingi Jónsson, 860 Hvolsvöllur (G-leyfi).

Fannar Freyr Jónsson, 105 Reykjavík (G-leyfi).

Grimur Snæland Sigurðsson, 270 Mosfellsbær (N-leyfi).

Guðmundur V. Einarsson, 111 Reykjavík (G-leyfi).

Júlía Guðmundsdóttir, 102 Reykjavík (G-leyfi).

Jón Páll Fortune, 105 Reykjavík (G-leyfi).

Kristján Gunnarsson, 550 Sauðárkrókur (G-leyfi).

Ómar Örn Sæmundsson, 111 Reykjavík (G-leyfi).

Sævar Örn Eiríksson, 815 Þorlákshöfn (N-leyfi).

Viðkomandi eru þessa dagana að senda umsóknir til Fjarskiptastofu um kallmerki. Upplýsingar um úthlutuð kallmerki verða birtar fljótlega.

Innilegar hamingjuóskir og velkomin í loftið!



Prófnefnd ÍRA ásamt fulltrúa Fjarskiptastofu að störfum laugardaginn 21. maí. Frá vinstri: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS ritari prófnefndar, Einar Kjartansson TF3EK prófnefnd, Kristinn Andersen TF3KX formaður prófnefndar í simasambandi við trúnaðarmann FST á Raufarhöfn og Bjarni Sigurðsson fulltrúi Fjarskiptastofu. Ljósmynd: TF3JB.

25. maí – Raufarhöfn QRV á ný.

KiwiSDR viðtækið yfir netið sem er staðsett á Raufarhöfn varð QRV á ný í dag (25. maí). Viðtækið hafði verið úti í nokkra daga því skipta þurfti um netbúnað vegna bilunar.

Raufarhöfn (10 kHz-30 MHz). Vefslóð:

<http://raufarhofn.utvarp.com/>

Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar TF1A, Georgs Kulp TF3GZ og Rögnvaldar Helgasonar TF3-Ø55 fyrir að leiða verkefnið í höfn.



Á myndinni má sjá turnana sem halda uppi lóðrétta T-loftmetinu sem er tengt við KiwiSDR viðtækið og er staðsett í skúrnum hægra megin við bifreiðina. Ljósmynd: TF3GZ.

25. maí – Radíódót; gjöf frá TF1A.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A útvegaði félaginu að gjöf 13 stauka sem hver inniheldur 10 stk. 12VDC 9A sýrulausar rafhlöður 25. maí. Búnaðurinn er nánast ónotaður og í fullkomnu lagi.

Rafhlöðurnar eru framleiddar af Schneider Electric í Bandaríkjunum. Þær eru af Galaxy gerð, VM Battery Unit, Model OG-GVMBTU.



Rafhlöðustaukarnir eru vel og greinilega merktir og í hverjum stauk eru 10 rafhlöður. Hér sjást staukarnir 13 eftir að búið var að raða þeim upp í ganginum í Skeljanesi.

Georg Kulp, TF3GZ gerði ferð til Keflavíkur að sækja staukana, en hver þeirra er um 30 kg að þyngd.



Aðeins þarf að losa 2 skrúfur á öðrum endanum á málmstaukunum og þá er hægt að draga málmlokið út og þá sjást rafhlöðurnar 10 sem hver og ein er sjálfstæð. Ljósmyndir: TF3JB.

Affermt var í Skeljanesi síðdegis 25. maí; samanber meðfylgjandi ljósmyndir.

26. maí – Ný kallmerki.

Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið 21. maí s.l. á þremur stöðum á landinu. Eftirtaldir nýir leyfishafar hafa sótt um og fengið úthlutað kallmerkjum 26.5.:

- Fannar Freyr Jónsson, TF3FA (Reykjavík).
 - Grímur Snæland Sigurðsson, TF3GSS (Mosfellsbær).
 - Guðmundur Veturliði Einarsson, TF3VL (Reykjavík).
 - Júlía Guðmundsdóttir, TF3JG (Reykjavík).
 - Kristján Gunnarsson, TF9ZG (Sauðárkróki).
 - Ómar Örn Sæmundsson, TF1OS (Reykjavík).
 - Sævar Örn Eiríksson, TF1SAB (Þorlákshöfn).
- Innilegar hamingjuóskir og velkomin í loftið!

26. maí – Nýtt veggjakrot í Skeljanesi.

Nýtt veggjakrot uppgötvaðist á dögnum á langa bárujárnsveggnum við Skeljanes. Fyrir tæpum tveimur mánuðum (1. apríl) var málað yfir svipað



Nýtt veggjakrot er komið á bárujárnsvegginn í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

„listaverk“ á sama stað, samanber meðfylgjandi ljósmynd. Málað verður yfir krotið við fyrsta tækifæri.

31. maí – Flóamarkaður ÍRA 12. júní.

Tilkynnt var um á heimasíðu og FB síðum að flóamarkaður ÍRA verði haldinn sunnudaginn 12. júní:

Flóamarkaður ÍRA verður haldinn sunnudaginn 12. júní n.k. kl. 13-15 í Skeljanesi. Nýjung er, að viðburðinum verður streymt yfir netið þannig að félagar sem búa úti á landi eða eiga ekki heimangengt, geta tekið þátt með því að nota ZOOM forritið.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS mun hafa með höndum stjórn á uppboðinu sem hefst stundvíslega kl. 14:00.

Félagsmenn geta komið með tæki eða búnað sem þeir vilja selja, gefa eða skipta á í Skeljanes. Félagið mun ennfremur bjóða hluti í þess eigu, gefins eða til sölu við hagstæðu verði. Félagsmenn geta skráð fyrirfram verðmeiri hluti á uppboðið, sem síðan verða til birtingar á þessum vettvangi.

Fljótlega verða birtar nánari upplýsingar/leiðbeiningar um framkvæmd hér á heimasíðunni, þ.á.m. um notkun ZOOM forritsins.

Stjórn ÍRA.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS hefur verið uppboðshaldari á flóamörkuðum ÍRA frá árinu 2010. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

2. júní – Vísbending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) vikuna 26. maí til 1. júní 2022 og birtar á heimasíðu og FB síðum.

Alls fengu 17 íslensk kallmerki skráningu að þessu sinni á FT4, FT8, tali (SSB) og morsi (CW) á 6, 10, 12, 15, 17, 20, 80 og 160 metrum.

Upplýsingarnar eru fengnar á <http://www.dxsummit.fi/#/> Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samamburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund-/ir útgeislunar og band/bönd:

TF1EIN	FT8 á 6 m.
TF1EM	FT8 á 17 m.
TF1OL/P	FT4 á 15 og 20 m.
TF2MSN	FT4, FT8 og SSB á 15, 17 og 20 m.
TF3DX/P	CW á 20 m.
TF3HR	FT8 á 20 m.
TF3IG	FT4 á 20 m.
TF3JB	CW og á 10, 17 og 20 m.
TF3LB	CW á 6 m.
TF3MH	FT8 á 10 m.
TF3TNT/M	SSB á 160 m.
TF3VE	FT4 á 12, 17 og 20 m.
TF3VG	FT8 á 17 m.
TF3VS	FT8 á 12 m.
TF3XO	SSB á 20 m.
TF5B	FT8 á 17 og 20 m.
TF8KY	SSB á 20 og 80 m.



Ólafur Örn Ólafsson TF1OL/P var virkur vikuna 26. maí til 1. júní. Myndin er af glæsilegri fjarskiptabífreið Óla sem hann hefur notað í DX að undanförmu. Ljósmynd: TF1OL.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

2. júní – Frá opnun í Skeljanesi 2. júní.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 2. júní.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum. Vel fór út af nýnnkomnu radiódóti, m.a. allir rafhlöðustaukarnir utan einn, sem var skrúfaður í sundur og voru menn að fá sér ýmist 1 eða 2 geyma sem hver er 12VDC og 9 amperstundir.

Mikið var rætt um skilyrðin á HF og á 4 og 6 metrum, loftnet og uppsetningu í fjölbýlishúsum, ferðalög með tæki og búnað, m.a. á fjallatoppa (SOTA verkefnið) og Ham Radio sýninguna í Friedrichs-

hafen sem nú nálgast. Vel heppnað fimmtudagskvöld í sumarveðri í vesturbænum í Reykjavík. Alls 26 félagar og 3 gestir í húsi.



Magthías Hagvaag TF3MH, Jón E. Guðmundsson TF8KW, Björgvin Víglundsson TF3BOI, tengdasonur Björgvins sem ætlar í næsta próf til amatörleysis og Hansi Reiser DL9RDZ. Hansi er fluttur til landsins og var að heimsækja okkur í annað sinn á þessu ári og ætlar að sækja um íslensk kallmerki.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Ársæll Óskarsson TF3AO, Þór Þórisson TF1GW, Jón E. Guðmundsson TF8KW, Georg Magnússon TF2LL, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Jón Björnsson TF3PW



Guðmundur Veturliði Einarsson TF3VL og Valtýr Einarsson TF3VG Guðmundur er nýr leyfishafi sem lauk prófi Fjarskiptastofu til amatörleysis 21. maí s.l.



Radiódót skoðað. Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Jón Björnsson TF3PW, Benedikt Sveinsson TF3T, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Jón G. Guðmundsson TF3LG, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG (sitjandi) og Mathías Hagvaag TF3MH.

2. júní - Járnadót í portinu bak við Skeljanes.

Georg Magnússon, TF2LL sótti járnadót í portið bak við Skeljanes 30. maí og 2. júní. Síðustu ár (fyrir Covid-19) auglýsti félagið nokkrum sinnum að félagsmenn gætu fengið járnstangir o.þ.h. sem hafði safnast að félaginu, sérstaklega á tímabilinu 2009-2013. Fáir höfðu áhuga. Georg gerði tvær ferðir og sótti slatta í hvort skiptið. Þakkir til Georgs.



Fyrri ferðin ...



Seinni hlutinn kominn á kerruna til förgunar. Ljósmynd TF2LL

3. júní – Alls komin 10 ný kallmerki.

Próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið 21. maí s.l. á þremur stöðum á landinu. Eftirtaldir 10 nýir leyfishafar hafa sótt um og fengið úthlutað kallmerkjum m.v. 3. júní:

Ágúst Sigurjónsson	TF3XZ	221 Hafnarfjörður
Björn Ingi Jónsson	TF1BI	860 Hvalsóllur
Fannar Freyr Jónsson	TF3FA	105 Reykjavík
Grímur Snæland Sigurðsson	TF3GSS	270 Mosfellsbær
Guðmundur Veturliði Einarsson	TF3VL	111 Reykjavík
Jón Páll Fortune	TF3JP	105 Reykjavík
Júlía Guðmundsdóttir	TF3JG	102 Reykjavík
Kristján J. Gunnarsson	TF9ZG	550 Sauðárkrúkur
Ómar Örn Sæmundsson	TF1OS	111 Reykjavík
Sævar Örn Eiríksson	TF1SAB	815 Þorlákshöfn

Innilegar hamingjuóskir og velkomin í loftið!
Stjórn ÍRA.

6. júní – Flóamarkaði ÍRA frestað.

Eftirfarandi tilkynning var sett inn á heimasíu og FB síður 6. júní:

Ákveðið hefur verið að fresta flóamarkaði félagsins sem halda átti í Skeljanesi 12. júní n.k. Ný dagsetning er 11. september.

Í ljós hefur komið að þessi dagsetning hentar ekki vel. Margir hafa haft samband við félagið og óskað eftir að dagsetning verði endurskoðuð þar sem þeir og fjölskyldur þeirra verða erlendis eða á ferðalagi innanlands á þessum tíma.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að verða við þessum ábendingum og hefur ný dagsetning flóamarkaðar verið ákveðin sunnudaginn 11. september. Viðburðinum verður einnig streymt yfir netið og verður notkun ZOOM forritsins kynnt með góðum fyrirvara.

Stjórn ÍRA.



Mynd frá flóamarkaði ÍRA. Einar Ívar Eiríksson TF3ZE skoðar Yaesu FT-847 og Yaesu FC-20 loftnetsaðlögunarrás sem fylgdi með. Ljósmynd: TF3JB.

6. júní – Gjöf til ÍRA frá TF3TD.

Í umræðum á FB um veggjakrotið á langa bárujárnsveggnum við Skeljanes gaf sig fram Stefán Stefáns-son, TF3TD og sagðist vilja gefa félaginu vefmynda-vél svo vakta megi umhverfið í Skeljanesinu.

Vélin er af gerðinni Vivotek Model No. MD7560. Hún er sem ný og ónotuð. Gjöfin var móttækin í Skeljanesi 6. júní. Þakkir góðar til Stefáns.

9. júní – Málað yfir veggjakrot.

Drifið var í að mála langa bárujárnsvegginn við húsið í Skeljanesi fimmtudaginn 9. júní. „Þetta er svipað og í fyrra“ sagði Baldvin Þórarinnsson, TF3-Ø33 sem hefur fylgst með umhverfinu hjá okkur og séð um að mála yfir ósómamann.


Baldi átti ekki heimangengt í dag, en var með í ráðum þegar TF1JI og TF3JB mættu á staðinn eftir hádegisdag og unnu gott verk, samanber meðfylgjandi mynd.



Skeljanesi 9.6. Verkefninu lokið. Mun snyrtilegra að lita yfir vegginn. Ljósmyndir: TF3JB.

11. júní – Fréttir af viðtækjum yfir netið.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 11. júní með upplýsingum um stöðu viðtækja yfir netið. Viðtækin á Bjargtöngum, Galtastöðum og Raufarhöfn voru í góðu lagi en Airspy R2 SDR viðtækið Perlunni var úti.



Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A í fjarskiptaherbergi ÍRA. KiwiSDR viðtækið er í litla járnliðaða kassanum á borðinu með VHF/UHF stöðvunum.

Ennfremur kom fram, að unnið var að uppsetningu KiwiSDR viðtækis til prufu í fjarskiptaherbergi ÍRA, samanber ljósmyndir. Þess er vænst að viðtækið verði QRV innan tíðar.

Bjargtangar. KiwiSDR (10 kHz-30 MHz); <http://bjarg.utvarp.com>

Galtastaðir í Flóa. KiwiSDR (10 kHz-30 MHz); <http://floi.utvarp.com/>

Perlan. Airspy R2 SDR (24 - 1800 MHz); <http://perlan.utvarp.com>

Raufarhöfn. KiwiSDR (10 kHz-30 MHz); <http://raufarhofn.utvarp.com>



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A sækir hugbúnað fyrir KiwiSDR viðtækið á netinu. Myndir: TF3JB.

13. júní – Nýtt upplag af kynningarefni.

Nýtt upplag af nýja kynningarritinu og nýja [uppfærða] ávarpsritinu sem var tilbúið í byrjun ársins og lagt fram til kynningar á aðalfundinum 20. febrúar s.l. var sótt í Háskólaprent 13. júní. Því hefur verið komið fyrir í gegnsæju plastbökkum í salnum, fyrir neðan klukkuna við innganginn í eldhúsið.



15. júní – 5BWAZ viðurkenningarskjal í húsi.

Jónas Bjarnason, TF3JB hefur fengið í hendur 5 banda Worked All Zones (5BWAZ) viðurkenningarskjal frá CQ tímaritinu. Töluverður dráttur varð á afgreiðslu skjalsins, en hann hafði sent inn umsókn í lok árs 2020 þegar hann náði tilskildum lágmarksfjölda staðfesta svæða (e. zones), eða alls 150.



Til að geta sótt um 5BWAZ þurfa menn að hafa áður sótt um og fengið, a.m.k. eitt WAZ viðurkenningarskjal. 5BWAZ viðurkenningin þykir með þeim erfiðari sem radióamatörar geta unnið að.

Miðað við 1. júní 2022 eru eftirfarandi TF leyfisskjalhafar handhafar 5BWAZ:

Þorvaldur Stefánsson, TF4M (skjal nr. 1718; 188 svæði).

Óskar Sverrisson, TF3DC (skjal nr. 1964; 165 svæði).

Brynjólfur Jónsson, TF5B (skjal nr. 2053; 160 svæði).

Jónas Bjarnason, TF3JB (skjal nr. 2257; 154 svæði).

Hamingjuóskir til TF3JB.

Stjórn ÍRA.

Til fróðleiks: Vefslóð á glærur frá erindi um viðurkenningar radióamatöra sem flutt var í Skeljanesi 17.11.2019: <https://tinyurl.com/JBvidurkenningar>

16. júní – Frá opnun í Skeljanesi 16. júní.

Opið hús var í félagsstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 16. júní.



Óskar Sverrisson TF3DC og Björgvin Viglundsson TF3BOI í fjarskiptaherbergi TF3IRA.



Benedikt Sveinsson TF3T og Alex Senchurov UT4EK.

Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum. Sérstakur gestur okkar var Alex, UT4EK frá Úkraínu. Hann flutti til landsins í síðasta mánuði og á von á að dvelja hér á landi í allt að eitt ár. Hann er



Kristján Benediktsson TF3KB, Yngvi Harðarson TF3Y, Benedikt Guðnason TF3TNT og Guðjón Egilsson TF3WO. Ljósmyndir: TF3JB.



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Bernhard M. Svavarsson TF3BS.

DX-maður og áhugasamur um keppnir og er m.a. félagi í Ukrainian Contest Club (UCC). Alex var mjög hrifinn af aðstöðu félagsins í Skeljanesi og sagðist vera ánægður með að hitta svo marga íslenskra leyfishafa.

Mikið var rætt um skilyrðin, bæði á HF og á 4 og 6 metrum. Menn voru einnig áhugasamir um VHF/UHF leikana sem fara fram helgina 1.-3. júlí n.k. Þá var rætt um Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen sem nálgast, en hún verður haldin 24.-26. júní. Benedikt Sveinsson, TF3T færði okkur tvö Kathrein VHF húsloftnet sem stoppuðu stutt við.


Vel heppnað fimmtudagskvöld í sumarveðri í vesturbænum í Reykjavík. Alls 26 félagar og 4 gestir í húsi.

Minning úr félagsstarfinu.

Henry Arnar Hálfðánarson, TF3HRY flutti eftirminnilegt erindi í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 31. mars 2011. Hann fjallaði um loftnet og útgeislun á lægri böndunum. Hann fjallaði einkum um 500 kHz sviðið [þá 600 metrana] sem breyttist 16.1.2013 þegar við fengum 630 metra bandið (472-479 kHz).

Eftir fróðlegan inngang um loftnetafræðina, benti Henry á áhugaverðar loftnetslausnir fyrir leyfishafa sem áhugasamir eru um bandið (og jafnvel lægri bönd), þótt þeir hafi ekki góðar aðstæður til uppsetningar loftneta. Í ljós kom, að margt er hægt að gera í þeim efnum þótt verið sé að kljást við "reactive" loftnet, háa spennu, litla nýtni o.s.frv.

Hann hafði ýmsa áhugaverða íhluti meðferðis sem notast til smíða á loftnetum á þessum tíðnum. Henry Arnar svaraði fjölda spurninga í lok erindisins. Alls mættu um 25 manns í Skeljanesið að þessu sinni.





Páskaleikar 2022, úrslit

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY

Páskaleikar ÍRA 2022 fóru fram um páskahelgina 15.-17. apríl. Þetta voru fimmtu leikarnir frá upphafi, en þeir voru fyrst haldnir árið 2018. Þátttaka var ágæt og voru 21 TF kallmerki skráð í ár, en dagbókarupplýsingar voru sendar inn fyrir 18 kallmerki. Kynning fyrir leikana fór fram á fésbókarsíðum og heimasíðu ÍRA.



4-stafa reitir virkjaðir 2022 eru merktir með grænu V-merki. Það voru: HP83, HP84, HP85, HP93, HP94 og IP03.

HP83RA	HP93MW	HP94HA	HP83SX
HP93PX	HP94HR	HP83TX	HP93VQ
HP94MA	HP84NV	HP93WQ	HP94MW
HP84QB	HP94AB	HP94NB	HP84RA
HP94AD	HP94UB	HP84XH	HP94BC
HP94VB	HP85OB	HP94BD	HP94VD
HP85PB	HP94CC	IP03EM	HP93BX
HP94DF	HP93LU	HP94EQ	

6-stafa reitir virkjaðir í Páskaleikunum 2022.

1. Yfirlit

- Alls léku 18 stöðvar til stiga í leikunum í ár, samanborið við 21 í fyrra (2021).
- QSO voru skráð frá 31 reit (6 stafa). Það sýnir m.a. góða virkni færanlegra stöðva (e. *portable/mobile*).
- Skráð QSO í kerfinu voru alls 578 nú, en 621 árið 2021.
- Sjö bönd voru notuð í leiknum þetta árið, endurvarpar teljast sem sér band.

Tafla 1 Páskaleikar ÍRA 2018-2022; yfirlit.

Leikar	Dagsetning	Skráðir	Inn-sent	Leyfis hafar	Hlust- arar	Skýringar/ath.
1	31.3.-1.4.2018	-	24	23	1	Kynning 24.3.2018; verðlaun afhent 5.4.2018, TF3ML gaf verðlaun.
2	20.-21.4.2019	20	17	17	-	Kynning 11.4.2019, verðlaun afhent 9.5.2019 (fyrstu 3 sætin)
3	11.-12.4.2020	-	15	15	-	Ekki kynning v/Covid-19; verðlaun afhent óformlega e. áramót v/Covid-19.
4	2.-4.4.2021	24	21	21	-	Ekki kynning v/Covid-19; verðlaun afhent formlega á aðalfundi ÍRA 2022.
5	15.-17.4.2022	21	18	18	-	Kynning áformuð í júní og afhending verðlauna í sama mánuði eða júlí.

Tafla 2. Lengstu fjarskiptavegalengdir eftir böndum/tíðnisviðum.

Band	Tíðnisvið, MHz	Vegalengd	QSO milli
23 cm	1240	2	TF8TY - TF1JI
70 cm	430	107	TF2CT - TF3IRA
2 m	144	146	TF3JA - TF1AM
4 m	70	45	TF2MSN - TF1AM
6 m	50	77	TF2MSN - TF1AM
80 m	3.6	227	TF2CT - TF1JI
Endurv.	144	227	TF2CT - TF1JI

2. Úrslit 2022, fyrstu 3 sætin

1. sæti. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.

Alls 88.256 stig. Keli sigraði leikinn örugglega. Hann hafði staðfest 108 QSO. Hann var víðföruull og átti sambönd í leiknum úr sex mismunandi reitum, þar af fimm fjögurra stafa; HP83, HP84, HP93, HP94 og IP03. Hann fór m.a. undir Eyjafjöll, við Hvolfsvöll, á Hellisheiði, við Voga og á Garðskaga. Þetta skilaði honum 1576 stigum og 56 margföldurum.

Samtala TF8KY: Stig x margfaldarar => 56 x 1576 = 88.256 stig.



Hrafnkell Sigurðsson TF8KY/P undir Eyjafjöllum. Ljósmynd: TF8KY.

2. sæti. Andrés Þórarinnsson, TF1AM.

Alls 85.400 stig. Andrés hafði 111 staðfest QSO. Hann átti sambönd í leiknum úr 7 mismunandi reitum, þar af 5 fjögurra stafa; HP83, HP84, HP85, HP93 og HP94. Hann var QRV frá Hellsisheiði, Vogastapa, Hólmsbergsvita, utan Hafnafjarðar, við Stykkishólm og á Vatnaleið. Þetta skilaði honum 1525 stigum og 56 margföldurum.

Samtala TF1AM: Stig x margfaldarar => 1525 x 56 = 85.400 stig.



Andrés Þórarinnsson TF1AM/M á Vatnaleið á Snæfellsnesi. Ljósmynd: TF1AM.

3. sæti. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN.

Alls 52.624 stig. Óðinn var QSO kóngur Páskaleikanna 2022 líkt og í fyrra (2021), hann hafði 183 staðfest QSO í loggnum sínum. Þetta skilaði honum 3. sætinu þó hann hafi haft öll sín sambönd úr



Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN var virkur frá heima QTH á Akranesi. Ljósmynd: TF2MSN.

einum reit, HP84XH. Hann náði sér í alls 26 margfaldara og 2024 stig. Óðinn fær að auki sérstakt viðurkenningaskjal fyrir flest QSO í Páskaleikunum 2022.

Samt. TF2MSN: Stig x margfaldarar => 2024 x 26 = 52.624.



Verðlaunagripir fyrir fyrstu þrjú sætin.

Tafla 3. Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2022.

Nr.	Kallmerki	Nafn	QTH	Heildarstig
1.	TF8KY	Sigurður Hrafnkell Sigurðsson	Reykjanes og Suðurland	88.256
2.	TF1AM	Andrés Þórarinnsson	Reykjanes til Vesturlands	85.400
3.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	52.624
4.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður	33.332
5.	TF2CT	Ægir Þór Ólafsson	Stykkishólmur	31.331
6.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	Undir Eyjafjöllum	28.016
7.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	Reykjavík	20.720
8.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	Vogar (og víðar)	13.501
9.	TF3IRA	Félagsstöð ÍRA	Reykjavík	9.725
10.	TF3T	Benedikt Sveinsson	Grímsnes (og víðar)	8.856
11.	TF3GZ	Georg Kulp	Borgarfjörður	8.060
12.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	5.520
13.	TF2LL	Georg Magnússon	Borgarfjörður	5.484
14.	TF3JON	Jón Svavarsson	Reykjavík (og víðar)	2.893
15.	TF3AK	Guðmundur Birgir Pálsson	Reykjavík (og víðar)	1.320
16.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	Grímsnes	774
17.	TF3JE	Jóhannes Andri Kjartansson	Reykjavík	15
18.	TF3KB	Kristján Benediktsson	Reykjavík	3

3. Að lokum

Eftirminnileg QTH komu við sögu í leikum 2022.

- TF8KY setti upp 15 el greiðu fyrir 70 cm í hávaða roki undir Eyjafjöllum með mikilli fyrirhöfn, algjör vonbrigði. Náði engum samböndum á þessu.
- TF3T og TF1AM með flott QSO Seyðishólar -> Garðskagi á 2 m, 81 km. Frekar erfið lína þar á milli.
- TF1AM og TF3JA með flott samband á 2 m Vatnaleið -> Grímsnes, 146km.

Umsjónamaður Páskaleika 2022 þakkar öllum sem tóku þátt að þessu sinni. Afhending verðlauna verður

Svipmyndir frá páskaleikunum 2022.



TF8KY klár í Páskaleikana 15/4 kl. 18 í Rangárþingi. Ljósmynd: TF8KY.



Sérstakt viðurkenningaskjal fyrir flest sambönd.

kynnt með góðum fyrirvara á heimasíðu ÍRA og fésbókarsíðum. Sjáumst í VHF/UHF leikum í sumar.

73, Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.



TF1AM 15/4 kl 18 á Hellisheiði í hávaðaroki og rigningu. Mynd: TF1AM.



TF1EM notaði Yaesu FT-991A HF/VHF/UHF stöð í páskaleikum. Ljósmynd: TF1EM.



TF3MSN klár í Páskaleikana 15/4. Ljósmynd: TF2MSN.



TF8KY 17/4. Stangarloftmetið fyrir 80 metrana lagt út áður en það var reist. Ljósmynd: TF8KY.



Icom IC-7610 stöð TF3IRA var notuð á SSB og CW á 80 metrum í páskaleikunum. Ljósmynd: TF3JB.



Fjarskiptaaðstaða TF3JB: Icom IC-9700, Icom SM-26 borðhljóðnemi og Diamond X30A VHF/UHF húsloftnet. Ljósmynd: TF3JB.



Icom IC-7300 stöð TF3IRA var notuð í Páskaleikunum á 50 og 70 MHz á SSB og Icom IC-9700 [lánsstöð] var notuð á 144 og 433 MHz á FM og SSB. Diamond X-700HN VHF/UHF húsloftnet var notað á 2m og 70cm en stutt stangarnet á 4m og 6m. Ljósmynd: TF3JB.



TF1AM í páskaleikum ÍRA 2022

Andrés Þórarinnsson, TF1AM

Hér segir frá undirbúningi TF1AM fyrir páskaleikana og þátttökunni í leikunum.

Eftir útileikana haustið 2021 var mér ljóst að það gengi betur í innanlandsleikum ef hægt væri að sleppa við að staga stangir. Og það var fyrirsjáanlegt í páskaleikunum að það þyrfti stangir til að halda uppi loftnetum. Væntanleg stangir voru fyrir 2m/70cm loftnet, 23cm loftnet og loks 6m/4m loftnet. Og auðvitað þyrfti stöng fyrir 80m. Niðurstaðan varð að fyrir annað en 80m að nota fót sem festur yrði á planku sem bílnum yrði ekið upp á og þannig fengist góð festing.



Fötur fyrir loftnetsstöng festur á planku bæði fyrir fram- og afturhjól.

Slíkir fætur eru til á sölusíðum en frekar veikbyggðir. Því var þetta smíðað og gert þannig að hægt væri að halla festingunni fram/aftur og til hliðanna ef landið undir væri ekki marflatt. Annað atriði var að stangir urðu að passa inn í bílinn sem takmarkaði lengd við 1,5m. Niðurstaðan varð að hver stöng var 1,5m og fjórar saman hver inn í annarri, að utanmáli 50mm, 45mm, 40mm og 35mm. Göt voru boruð að ofan og neðan þannig að draga mætti stöng út og festa með nagla í gegnum gatið á samskeytum en naglanum haldið með teygju. Með öllum stöngum samsettum varð hæðin um 5,5m. Auðvitað var smá hlaup milli stanga þannig að þetta vaggðaði aðeins en það skipti einu. Í vindi voru færri stangir notaðar og þá varð hæðin minni en stöngin í heild stöðugri. Þetta var prófað heima og virtist ágætt. Fyrir 80m var lóðrétt stöng útbúin með sama hætti og bætt við þremur mjórrri rörum, þ.e. 30mm, 25mm og 20mm, heildarlengd um 10m. Neðst var 1m 50mm leggur og einangrari sem lyfti stöngunni upp sem þessu nam, en

autótjúner með litlum rafgeymi var festur við 1m legginn. Radíalar voru tveir og á lofti. Stagað var í 4 áttir. Þá var allt komið.

Í bílnum fékkst 12V spenna frá 50Ah rafgeymi. Vandinn við 12V rekstur með rafgeymi er að þótt pólspena á fullhlöðnum rafgeymi sé 12,7V þá spennan fellur fljótlega niður í 12V rétt meðan sent er út (sem tekur 10-15A) sem er óþarflega lág spenna og spillir sendingu. Hér var því settur spennugjafi með 3A straumtakmörkun sem fékk sín 230 volt frá bílkerfinu og hlóð inn á rafgeyminn jafnóðum og hélt spennunni uppi. Það hefði ekki verið síðra að fá spennu frá 12V geymi bílsins en það krefst talsverðs undirbúnings og er ekki hættulaust.

Þrjár talstöðvar voru notaðar, ein fyrir 80m, 6m og 4m, önnur fyrir 2m og 70cm og sú þriðja fyrir 23cm. Coaxar voru festir í öll loftnet þannig að ekki þyrfti að eiga við það á vettvangi.

Sérstakt verkefni voru loftnet fyrir 6m og 4m. Þeir sem talað var við sögðust hafa sín loftnet lárétt og því var gert eins. Smíðaðir voru tveir dípólar samfæddir með einum coax og festir saman á bretti. 6m dípóll verður fyrirsjáanlega 3m að lengd sem er of langt til að koma inn í bíl. Því var brugðið á það ráð að gera dípólana úr rörum sem gengu hvert inn í annað, þ.e. 30mm, 25mm og 20mm. Eftir að búið var að stilla lengdir þannig að standbylgjan var um 1,2 á hvoru bandi þá var merkt við með tússpenna og þá mátti draga rörin í sundur og þá komst allt í bílinn.

Allt var þetta prófað heima og á móti TF2MSN sem var afar hjálplegur. Svo var ekið um og heppilegir staðir fundnir og prófaðir og enn var TF2MSN tilbúinn til prófana.



Föstudagur 15/4 kl 18: Hellisheiði á borplani í hávaðaroki og rigningu. Billinn snýr upp í vindinn.

Öll sambönd skyldi skrá jafnóðum á páskaleikjavefinn ágæta sem TF8KY hefur gert af stakri snilld. Netsambandið fékkst í gegnum hotspot á farsímanum sem hentaði fartölvunni vel.

Svo rann fyrsta tímabilið upp, föstudagskvöldið 15/4. Staðurinn sem ákveðinn hafði verið var Hellisheiði inni á virkjanasvæðinu þaðan sem sá til Eyjafjalla í austurátt þar sem TF8KY/TF8TY voru og til þéttbýlisins í vesturátt. Veðrið var eiginlega arfavitlaust, bálhvasst og rigning, og stundum varla stætt. En það tókst að halda áætlun og koma öllu upp öðru en 80m. Það kom á óvart að engin hælfesta var á borplaninu því það var þúkkað sem steypa væri. Alls fengust 17 sambönd.

Á laugardagsmorgun 16/4 var haldið efst á Stapann, þ.e. gömlu þjóðleiðina til Keflavíkur. Þetta var nýr 4ra stafa reitur. Enn var hvasst og rigning en skárri en kvöldið áður. Allt var sett upp sem tók um 90 mínútur. Alls fengust 23 sambönd, m.a. á 80m við TF1JI undir Eyjafjöllum og TF3T austur við Seyðishóla, einnig á 80m. Samantekt tók 1 klst.



Laugardagsmorgun 16/4: Stapinn við gamla þjóðveginn í talsverðum vindi og rigningu.

Þaðan var haldið að Hólmsbergsvita rétt norðan við Helguvíkurhöfn sem stendur á klettahamri, það var nýr 4ra stafa reitur. Lengsta sambandið var við TF3T við Seyðishóla á 2m, fjarlægðin var 81km. Alls fengust 30 sambönd.

Svo rann sunnudagurinn 17/4 upp, páskadagur, síðasti dagur páskaleikanna. Farið var upp á hæð nokkru fyrir sunnan Hafnarfjörð sem var nýr 4ra stafa reitur. Þangað var komið kl 08. Þreytan gerði vart við sig og einungis voru notuð loftnet á segulfæti, annað fyrir 2m/70cm og hitt fyrir 23cm. TF8KY var einnig mættur tímanlega í loftið svo og TF1JI gegnum endurvarpa. Svo voru engir aðrir. Einungis 4 sambönd. Greinilega myndi TF8KY vinna auðveldlega þar sem hann var með miklu fleiri sambönd og með jafnmarga 4ra stafa reiti, nú eða TF2MSN sem hafði verið lúsiðinn og með enn fleiri sambönd. Eitthvað þurfti að gera. Í stað þess

að biða eftir því að menn mættu til leiks fram undir hádegi þá var ekið á Stykkishólm til að ná í nýjan 4ra stafa reit, þann fimmta. Svo var planið að fara á Vatnaleið þar sem vonandi yrði hægt að raða inn stiga-háum samböndum þar sem vegalengd væri löng. Það gekk allt eftir. Á Stykkishólmi svaraði TF2CY kalli og svo svöruðu fleiri kalli, einnig TF2MSN sem alltaf var að, og það voru ágæt sambönd gegnum endurvarpa, og það þótt loftnetið væri einungis áður nefndur 2ja banda segulfótur. Alls fengust 7 sambönd og það á þessum fimmta reit.

Á Vatnaleið var sett upp við farsímastöðina á hábungunni rétt utan við þjóðveginn. Allt var sett upp annað en 23cm stöngin. Erfitt var að festa 80m vertikalinn því hælarnir fengu enga festu, annað hvort var allt svo blautt eða klöpp undir, en það hafðist. 6m/4m dípólarnir voru einungis á 1,5m stöng sem var eiginlega of lágt og eins með 2m/70cm stangarnetið, enda komin þreyta í suma. Þetta gekk vel og alls náðust 31 samband. Algeng vegalengd var um 100km og lengst 220km á 80m við TF1JI.

Alls náðust 111 sambönd á þessum 5 tímabilum frá 5 fjögurra stafa reitum við 14 stöðvar af þeim 17 sem tóku þátt (TF1AM undanskilin). Stigafjöldi var um 85þ eða um 760 stig að meðaltali fyrir hvert samband, en þessi hái stigafjöldi á hvert samband helgast meðal annars af fjöldi 4ra stafa reita sem var 5.

Hvað mátti læra af þessu? Það er eins gott að vera fljótur að setja upp og taka niður og til þess þarf undirbúning og einhverja sérsníði. Svo er veðrið oft erfitt og blautt og hvasst og svo miklu erfiðara að setja upp allan búnað á vettvangi en heima á stæði. Athygli vakti að lítið 2ja banda loftnet á segulfæti dugar ótrúlega vel og má jafnvel nota slíkt loftnet og 5W handstöð og ná fjölda sambanda. En auðvitað er gaman að blanda sér í toppþaráttuna og vinna að undirbúningi dagana á undan.



Sunnudagur 17/4 eh: Á Vatnaleið á stæðinu við farsímastöðina. Vindur eins og oft er til fjalla en ágætisveður.

Allt var þetta hin besta skemmtan og það var gott að kynna þessum fjölda amatöra sem allir tóku þátt af hjartans list. Og víst eykur keppni sem þessi kunningssskapinn og samheldnina.



Tímamót í námskeiðshaldi til amatörprófs

Nýr áfangi í sögu námskeiða og prófa

Jónas Bjarnason, TF3JB

Námskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022 hófst 28. mars og lauk 19. maí. Viðburðurinn markar tímamót, þar sem í boði var samtímis staðnám og fjarnám yfir netið. Í annan stað, var nýjum áfanga náð þar sem próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið samtímis á þremur stöðum á landinu.

Námskeiðið var haldið í Háskólanum í Reykjavík og var streymt þaðan yfir netið. Skriflegt próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis fór síðan fram þann 21. maí í Háskólanum í Reykjavík, Fjölbrautarskóla Norðurlands Vestra á Sauðárkróki og í Grunnskóla Raufarhafnar á Raufarhöfn. Prófið var skriflegt og í tveimur hlutum, raffræði og radiótækni og reglum og viðskiptum. Prófið var í boði á íslensku og ensku.

Alls voru nítján þátttakendur skráðir í upphafi. Þar af skráðu fjórtán sig til prófs en tólf mættu í prófin. Prófið í raffræði og radiótækni þreyttu allir tólf og náðu 11 fullnægjandi árangri, 9 til G-leyfis og 2 til

N-leyfis. Prófið í reglum og viðskiptum þreyttu 11 en einn próftaki til viðbótar hafði áður staðist það til G-leyfis. Þar náðu allir 11 við fullnægjandi árangri, 9 til G-leyfis og 2 til N-leyfis. Að loknum prófunum höfðu því eftirfarandi náð fullnægjandi árangri fyrir leyfisveitingar sem hér segir:

Antonia Sabrina Stevens, TF3-099, 200 Kópavogur – G-leyfi.¹⁾
 Ágúst Sigurjónsson, TF1XZ, 221 Hafnarfjörður – G-leyfi.
 Björn Ingi Jónsson, TF1BI, 860 Hvalsvellur – G-leyfi.
 Fannar Freyr Jónsson, TF3FA, 105 Reykjavík – G-leyfi.
 Grímur Snæland Sigurðs., TF3GSS, 270 Mosfellsbær – N-leyfi.
 Guðmundur V. Einarsson, TF3VL, 111 Reykjavík – G-leyfi.
 Júlía Guðmundsdóttir, TF3JG, 102 Reykjavík – G-leyfi.
 Jón Páll Fortune, TF3JP, 105 Reykjavík – G-leyfi.
 Kristján J. Gunnarsson, TF9ZG, 550 Sauðárkrókur – G-leyfi.
 Ómar Örn Sæmundsson, TF1OS, 111 Reykjavík – G-leyfi.
 Sævar Örn Eiríksson, TF1SAB, 815 Þorlákshöfn – N-leyfi.

¹⁾ Viðkomandi hafði ekki sótt um úthlutun kallmerkis til Fjarskiptastofu þegar greinin var skrifuð.

Námskeið ÍRA til amatörprófs vorið 2022

Námskeiðið hófst í Háskólanum í Reykjavík 28. mars. Jón Björnsson, TF3PW umsjónarmaður setti námskeiðið laust fyrir kl. 19.

Sjö þátttakendur voru mættir í kennslustofu í HR og níu voru í netsambandi, m.a. frá Raufarhöfn, Sauðárkróki, Súðavík, Hvalsvelli, Þorlákshöfn og höfuðborgarsvæðinu. Fjartengingar gengu vel og einn þátttakandinn var t.d. staddur erlendis (í Kanada) og sagði sambandið mjög gott.



Alls mættu 12 þátttakendur til prófs Fjarskiptastofu að morgni 21. maí. Þar af voru tíu í HR í Reykjavík, einn á Sauðárkróki og einn á Raufarhöfn. Til hægri á myndinni má sjá Vilhjálmi Í. Sigurjónsson TF3VS ritara Prófnefndar ÍRA, Jón Björnsson TF3PW umsjónarmann námskeiða ÍRA, Bjarna Sigurðsson fulltrúa Fjarskiptastofu og Kristinn Andersen TF3KX formann Prófnefndar ÍRA. Ljósmynd: TF3JB.



Á lokinni formlegri setningu var slegið á léttu strengi áður en kensla hófst. Kristinn Andersen TF3KX formaður prófnefndar ÍRA sem annaðist kennslu fyrsta kennslukvöldið, Jón Björnsson TF3PW umsjónarmaður námskeiða ÍRA og Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA.

Fyrsta námskeið ÍRA yfir netið.

Námskeiðið var það fyrsta á vegum félagsins sem bæði er haldið í stað- og fjarnámi.

Fyrirkomulag var þannig, að nemendur mættu í kennslustofu í Háskólanum í Reykjavík eða skráðu sig inn á netið um forritið ZOOM. Kennslu var síðan streymt úr stofu og var m.a. notuð sérstök myndavél fyrir glærur kennara eða af töflu. Þátttakendur yfir netið voru ekki einvörðungu úti á landi, heldur einnig á höfuðborgarsvæðinu. TF3VH, Hinrik Vilhjálmsson veitti góða ráðgjöf og greip inni með tækniástoð.



Á bak við þá félaga Jón og Kristinn má sjá skjámynd af þátttakendum utan kennslustofu. Ljósmyndir: TF3JON.

Þátttakendur í kennslustofu og yfir netið höfðu þannig sambærilegan aðgang að kennslu og kennara, enda nettengingar HR góðar. Ljóst er, að námskeið yfir netið er komið til að vera.

Fyrsta próf Fjar skiptastofu sem haldið er á 3 stöðum samtímis.

Auk próftöku í Reykjavík var tveimur próftökum veitt heimild til að þreyta próf í heimabyggð, öðrum á

Sauðárkróki og hinum á Raufarhöfn, þar sem séð var til þess að aðstaða og umsjón yrði með fullnægjandi hætti. Trúnaðarmenn þar fengu prófin send í tölvu- pósti degi fyrir próftöku, prentuðu út prófin og lögðu þar fyrir á sama tíma og á sama hátt og gert var í Reykjavík.



Úrlausnir yfirfarnar 21. maí. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS ritari Prófnefndar, Einar Kjartansson TF3EK Prófnefnd, Kristinn Andersen TF3KX formaður Prófnefndar og Bjarni Sigurðsson fulltrúi Fjar skiptastofu. Ljósmynd: TF3JB.

Að próftíma loknum voru úrlausnir skannaðar og sendar með tölvupósti til formanns Prófnefndar í Reykjavík, sem prentaði út þessar úrlausnir og þannig var farið yfir þær samhliða úrlausnum annarra próftaka.

Námskeið til amatörprófs – próf til amatörleyfis.

Námskeið til amatörprófs er stærsta verkefni sem ÍRA tekst á hendur hverju sinni. Lykillinn að farsælli framkvæmd verkefnisins er framúrskarandi góð samvinna embættismanna félagsins, velvild og stuðningur Háskólans í Reykjavík sem hefur veitt félaginu aðgang að kennslurými frá árinu 2013 og frábær samvinna við Fjar skiptastofu, þegar kemur að prófi til amatörleyfis.

Hvað embættismenn félagsins áhrærir, gegna Prófnefndarmenn og umsjónarmaður námskeiða félagsins lykilhlutverkum. Prófnefnd kemur að og hefur umsjón með námsefni, gerir tillögu um prófspurningar til Fjar skiptastofu [þegar að því kemur] og annast yfirferð prófúrlausna ásamt fulltrúa stofnunarinnar á prófdegi. Umsjónarmaður námskeiða annast uppsetningu og skipulag námskeiðs í samráði við Prófnefnd ásamt því að útvega kennara. Einnig fjölföldun efnis og dreifingu til þátttakenda í stað- og fjarnámi. Að auki kemur stjórn og einstakir stjórnarmenn að undirbúningi og framkvæmd námskeiðs eftir því sem umsjónarmaður kallar eftir. Fulltrúi Fjar skiptastofu setur fyrir próf stofnunarinnar til amatörleyfis á prófstað, leggur fyrir prófgögn og fer yfir úrlausnir ásamt Prófnefnd.



Kristinn, TF3KX



Vilhjálmur Þór, TF3DX



Einar, TF3EK



Vilhjálmur Ívar, TF3VS



Yngvi, TF3Y

Prófnefnd ÍRA.

Prófnefnd skipa Kristinn Andersen, TF3KX formaður; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; Einar Kjartansson, TF3EK; Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS ritari prófnefndar og Yngvi Harðarson, TF3Y. Kristinn og Vilhjálmur Þór kenndu á námskeiðinu og Vilhjálmur Ívar aðstoðaði tæknilega.

Kristinn samdi próftillögur til Fjarskiptastofu, auk þess að þýða þær á ensku. Hann sá einnig um samskipti við trúnaðarmenn FST á Sauðárkróki og Raufarhöfn.

Fulltrúar nefndarinnar á prófstað í Háskólanum í Reykjavík 21. maí voru Kristinn Andersen, TF3KX; Einar Kjartansson, TF3EK og Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS.

Kennarar á námskeiðinu.

Að þessu sinni komu níu leiðbeinendur að kennslu á námskeiðinu. Það voru Andrés Þórarinsson, TF3AM; Ágúst Úlfar Sigurðsson, TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Jón Björnsson, TF3PW; Jónas Bjarnason, TF3JB; Kristinn Andersen, TF3KX; Óskar Sverrisson, TF3DC; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Vilhjálmur Kjartansson, TF3DX.

Framhaldið.

Þegar þetta er skrifað skoðar Prófnefnd félagsins uppfærslu aðalnámsefnis, en þess má geta, að töluvert er þegar til af vönduðu námsefni á íslensku sem er samið af prófnefndarmönnum og öðrum radióamatörum sem lagt hafa þar af mörkum, samanber t.d. eftirfarandi efni sem vistað er á heimasíðu ÍRA undir fyrirsögninni Fræðsla og þar undir „Kennsluefni“ og „Prófnefnd“.

- „Bylgjuútbreiðsla“, „Loftnet“, „Afl og truflanir“, „Merki og mótun frá sínussveiflu til DSP“, „Hætta af rafmagni og varnir“, „Loftnet og bylgjuútbreiðsla ásamt sviðsstyrk nærri loftnetum, öryggismörk“ eftir Vilhiálm Þór Kjartansson. TF3DX.
- „Sveifluvakar“, „Blandarar“, „Prófsendir“ og „Prófvíðtæki“ eftir Hauk Konráðsson. TF3HK.
- „Samantekt á námsefni í reglum og viðskiptum“ eftir Kristinn Andersen. TF3KX.
- „Truflanir“ og „Flutningslínur“ eftir Sæmundur E. Þorsteinsson. TF3UA.
- „Hvað er desibel?“ eftir Bjarna Sverrisson, TF3GB og Jón Þ. Jónsson, TF3JA.



Andrés, TF3AM



Ágúst Úlfar, TF3AU



Haukur, TF3HK



Jón, TF3PW



Jónas, TF3JB




Kristinn, TF3KX



Óskar, TF3DC



Sæmundur, TF3UA



Vilhjálmur Þór, TF3DX



Frá síðari fundi stjórnar og prófnefndar 17. ágúst 2021. Frá vinstri: Jón TF3PW gjaldkeri og umsjónarmaður námskeiða, Georg TF3GZ meðstjórnandi, Vilhjálmur TF3VS ritari prófnefndar, Sæmundur TF3UA varamaður í stjórn, Óskar TF3DC varaformaður, Kristinn TF3KX formaður prófnefndar, Einar TF3EK prófnefnd, Heimir TF1EIN varamaður og Guðmundur TF3GS ritari. Á myndina vantar þá Yngva TF3Y prófnefnd og Jónas TF3JB formann ÍRA sem einnig voru á fundinum.

Til skoðunar er m.a. hjá nefndinni kennslufni frá systurfélögunum í Danmörku (EDR), Noregi (NRRL) og Svíþjóð (SSA), auk efnis frá Bretlandi (RSGB).



Hér má sjá dæmi um það námsefni sem hefur verið til skoðunar:

Forsaga málsins er, að á stjórnarfundum í ÍRA 22.6.2021 var gerð eftir farandi samþykkt: “Finna þarf heppilegra fyrirkomulag á námskeiðshaldi. Stefna skal að fundi með prófnefnd. Skoða þarf m.a. möguleikann á að halda námskeið og jafnvel próf yfir netið, sem er gert í sumum löndum. Námsefni þarf að endurnýja“. Í framhaldi hélt stjórn sameiginlegan fund með prófnefnd 10. og 17. ágúst 2021.

Fundirnir heppnuðust mjög vel og í framhaldi fór fram vinna sem m.a. nýttist við undirbúning nám-

skeiðs félagsins vorið 2022 þegar í fyrsta skipti var haldið námskeið í stað- og fjarnámi. Síðari fundur stjórnar ÍRA og prófnefndar var haldinn 17. ágúst 2021.

Að lokum.

Verkefni um námskeið og undirbúningur til amatörprófs er meðal mikilvægustu verkefna á borði landsfélaga radióamatöra um allan heim. Mikilvægt er að vel sé staðið að verki og stjórn ÍRA er einhuga um að vanda alla vinnu af þessu tagi eins og frekast er mögulegt. Hafa þarf í huga að allir sem koma að verkefninu leggja til vinnu í eigin frítíma og í sjálfboðavinnu. Í þessum efnum höfum við á að skipa hæfum og áhugasömum einstaklingum sem gera sitt besta og eru ábyrgir. Það skiptir öllu máli.

Líkt og fram kom að ofan, er lykillinn að farsælli framkvæmd verkefnisins framúrskarandi góð samvinna embættismanna félagsins, velvild og stuðningur Háskólans í Reykjavík og frábær samvinna við Fjarskiptastofu.



HR er til húsa við Menntaveg í Reykjavík.

Stjórn ÍRA vill sérstaklega þakka þeim Kristni Andersen, TF3KX formanni Prófnefndar ÍRA og Jóni Björnssyni, TF3PW umsjónarmanni námskeiða ÍRA. Af alls 22 félagsmönnum sem komu að verkefninu, hefur mest mætt á þeim tveimur við undirbúning prófa og framkvæmd námskeiðs félagsins til amatörprófs vorið 2022.

Þá ber sérstaklega að þakka háskólaráði og stjórn Háskólans í Reykjavík fyrir velvild í garð félagsins með láni á kennsluhúsnæði, allt frá árinu 2013.

Síðast, en ekki síst, viljum við sérstaklega að þakka Fjarskiptastofu fyrir einstök samskipti og faglega aðkomu að verkefninu.

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA



Amatörprófinu lokið – fyrstu skrefin í loftið

Kristinn Andersen, TF3KX

Byggt á og uppfært úr eldri grein höfundar í CQ TF apríl 2010: Amatörprófinu lokið – hvað næst?

Til hamingju - þú stóðst amatörpróf Fjarskiptastofu og getur því sótt um leyfi til að verða radióamatör. En hvað tekur þá við?

Að standast amatörpróf er aðeins fyrsti áfanginn að því að verða fullgildur radióamatör með því að fara í loftið og stunda þetta skemmtilega áhugamál með fjarskiptum. Hér eru nokkrar ábendingar og tillögur að næstu skrefum.

Í góðum félagsskap

Fátt er eins mikilvægt og hjálplegt og að geta leitað til annarra og nýtt reynslu þeirra. Í þeim tilgangi starfrækja radióamatörar ýmiss konar félög.

Fyrst ber að nefna landsfélög eins og Íslenska radióamatöra, ÍRA. Félagið stendur fyrir námskeiðum, að jafnaði 1-2 á ári, til undirbúnings amatörprófum sem Fjarskiptastofa heldur. Félagsheimili ÍRA, við Skeljanes í Reykjavík, er opið félagsmönnum sem öðrum áhugasömum öll fimmtudagskvöld og stundum oft. Þar fara fram fyrirlestrar, kynningar og margvísleg önnur starfsemi. Ennfremur er þar radióstöð félagsins til húsa og í bókasafni félagsins geta gestir skoðað bækur og tímarit um amatör radió víðs vegar úr heiminum. Radióamatörar sem venja komur sínar í félagsheimilið taka vel á móti áhugasömum gestum og til þeirra geta nýir amatörar leitað um ráð og leiðbeiningar. Nýir radióamatörar og aðrir áhugasamir ættu því tvímælalaust að ganga í félagið og reyndar býðst nýjum leyfishöfum ársaðild ókeypis. Að öðru leyti er vísað í upplýsingar um ÍRA innan á forsíðu blaðs félagsins, CQ TF, á vefsíðunni www.ira.is og á fésbókarsíðu félagsins, Íslenskir radióamatörar, <https://www.facebook.com/groups/TF31RA>.

Félag radióamatöra í N-Ameríku, ARRL (*American Radio Relay League*) er félag sem radióamatörar víða um heim ganga í, einkum til þess að fá áskrift að mánaðarlega tímaritinu QST. Þótt í QST sé nokkuð af efni sem snýr sérstaklega að radióamatörum í N-Ameríku, Bandaríkjunum og Kanada, þá er einnig í ritinu fjöldi greina um tæknimál, viðburði í loftinu og annað áhugavert efni, að ógleymdum auglýsingum og upplýsingum um tæki og loftnetabúnað. Auk QST

gefur ARRL út önnur rit, s.s. QEX sem að mestu er helgað tæknilegum greinum og NCJ (*National Contest Journal*) sem fjallar um keppnismál radióamatöra frá fjölmörgum hliðum. Vefur ARRL er á www.arrl.org.



Félög radióamatöra eru starfrækt í mörgum löndum og bókasafni ÍRA berast tímarit reglulega frá sumum þeirra, s.s. frá Norðurlöndum og ýmsum löndum Evrópu, auk ritsins QST frá ARRL. Loks má nefna félög um tiltekin áhugamál í hópi radióamatöra, s.s. um fjarskipti með lágu afli (t.d. enska félagið GQRP Club - www.gqrp.com) og fjarskipti um gervitungl radióamatöra (AMSAT - www.amsat.org).

Fjarskiptatæki

Tegundir fjarskiptatækja skipta a.m.k. tugum, þegar talin eru þau tæki sem hafa verið á markaðnum undanfarin ár. Yfirlit yfir markað sendiviðtækja (sambyggðs sendis og viðtækis) eru oft tekin saman í tímariti ÍRA, CQ TF, og einnig má finna auglýsingar þeirra tækja sem vinsælust eru hverju sinni í tímaritum erlendra félaga radióamatöra, svo og á netinu. Margir radióamatörar panta tæki yfir netið frá sölu aðilum erlendis, en einnig má oft nálgast tæki innanlands, ný og notuð.

Sumir fara þá leið að smíða tæki sjálfir, sem er einkum auðvelt ef um er að ræða tæki eingöngu til mors- eða stafrænna fjarskipta. Slík tæki geta verið mjög ódýr og eru gjarnan seld með öllum íhlutum



QCX+ tækið frá QRP Labs er eitt fjölmargra tækja sem boðið er ósamsett. Það kostar aðeins 58 USD og hýsingin ásamt hnöppum 25 dali til viðbótar. Leiðbeiningarnar um samsetningu eru frábærar. Vefsetur framleiðanda er <http://shop.qrp-labs.com/>.

(kit) og góðum leiðbeiningum. Með þessum tækjum, sem oft nota lítið afl (t.d. 2-5 W, sem skammstafað er QRP meðal amatöra), má oft ná samböndum til Evrópu, Ameríku og jafnvel lengra. Heimasmiðuðum QRP tækjum fylgir einnig að auðvelt er að taka þau með í ferðalög og fátt jafnast á við ánægjuna af að búa til og nota svo heimasmiðuða tækið.

Fljótlegasta og oft einfaldasta leiðin til að komast “í loftið” er að fá til afnota tæki hjá öðrum. Félagsstöð ÍRA, TF3IRA, stendur félagsmönnum opin til notkunar, eftir samkomulagi við stöðvarstjóra. Einnig er sjálfsagt að spyrja aðra hvort þeir eigi tæki sem þeir séu tilbúnir að selja, leigja eða lána um einhvern tíma. Auglýsa má eftir slíku í félagsblaðinu CQ TF eða á fésbókarsíðu ÍRA.

Loftnet

Engin radióamatörstöð er án loftnets og loftnetið er einn mikilvægasti hlutinn til fjarskiptanna. Ótal gerðir loftneta koma til greina og í tímaritum radióamatöra má oft finna lýsingar og uppskriftir að ágætum loftnetum. Þá má ekki gleyma bókum um amatörloftnet, s.s. *The ARRL Antenna Handbook* sem gefin er út af ARRL.



Meðal einföldustu loftneta er tvíþóllinn (*dipole*) og lóðrétt stöng (*vertical* eða *ground plane*). Á netinu má finna aragrúa efnis um þessi og önnur loftnet, t.d. með því að slá inn í Google leitarvélina “*amateur dipole antenna*“, “*amateur vertical antenna*“ eða einfaldlega “*amateur radio antenna*“.

Tvíþóllinn er einfalt loftnet sem dugur mörgum radióamatörum vel. Hann er oftast gerður úr vír sem klipptur er í sundur í miðju og þar er fæðilína (oft kóax-kapall) tengd og leidd niður að sendiviðtækinu. Ef heildarlengd vírsins er u.þ.b. hálf bylgjulengd á því tíðnisviði (bandi) sem á að nota, þá er loftnetið í resónans, sem þýðir að standbylgja á fæðilínunni getur verið lítil. Þetta gildir reyndar líka ef lengd loftnetsins er ein og hálf bylgjulengd, tvær og hálf bylgjulengdir, o.s.frv. Þannig má yfirleitt nota tvíþól, sem gerður er fyrir 7 MHz bandið (40 m bylgjulengd) einnig fyrir 21 MHz bandið (15 m bylgjulengd).

Kosturinn við tvíþóllinn er að í hann má nota efni sem er auðfánlegt. Þótt stundum sé notaður sérstakur loftnetavír, t.d. pantaður frá útlöndum og oft gerður úr koparhúðuðum stálvír (*copperweld*), þá gerir venjulegur rafmagnsvír úr byggingavöruslun



Ein útfærsla G5RV loftnetsins, tekin af netinu, en fjölmargar gerðir þess má skoða þar og í handbókum um loftnet.

sama gagn ef hann er nægilega sterkur til að haldast uppi. Æskilegra er þá jafnan að nota margþátta vír (sbr. lampasnúrur) fremur en heilan vír (sbr. ídráttarvír í raflögnum húsa), þar sem sá síðarnefndi er stífari og slitnar frekar við brot og beygjur. Jafnvel má nota sterkt band með vírnum til að halda honum uppi ef þess gerist þörf. Loftnetið má strengja milli húsa eða t.d. frá húsþaki yfir í tré. Æskilegt er þá að loftnetsvírinn nái ekki alla leið út í festingarnar til endanna, heldur sé einangrandi band notað milli vírsins og festinga, en þannig má tryggja að ekki leiði frá vírnum yfir í festingar eða nálæga hluti. Dæmi um niðsterkt band sem tognar ekki er “*dynex*”, sem framleitt er af Hampiðjunni. Fæðilínan sem tengd er í miðju tvíþólsins er yfirleitt kóaxkapall með 50 ohm bylgjuviðnám, s.s. af gerð RG58 eða RG8. Ekki er alltaf ljóst hvort eða hvernig tenging kóaxkapalsins við loftnetið hefur áhrif á virkni þess (standbylgju, útgeislun eða annað), þ.e. hvor vírinn tengist í miðju kapalsins og hvor í ytri skerminn. Niðurstaðan getur farið eftir aðstæðum, en undirritaður hefur fyrir venju að tengja miðju kapalsins í þann vírinn sem liggur fjær húsum eða ofar jörðu. Mikilvægt er að ganga frá enda kóaxkapalsins þannig að ekki komist rigningarmatn inn í hann eða hann losni frá loftnetinu. Ennfremur þarf að tryggja að loftnetið og fæðilínan geti ekki valdið skaða og sé fjarri raflögnum og aðgengi fólks.

Aðhæfingarrásir og loftnet fyrir fleiri tíðnisvið

Eins og að framan var sagt ræður lengd loftnets því að mestu á hvaða tíðnisviðum hentar að nota það. Í stað þess að hafa eitt loftnet fyrir hvert þeirra tíðnisviða sem amatörar geta notað eru ýmsar leiðir til þess að nýta sama loftnetið á fleiri en einu bandi.

Sum loftnet eru hönnuð þannig að þau nái resónans á fleiri böndum (*multiband antennas*). Þessu má t.d. ná fram með því að setja gildirur (*traps*) í loftnetið, en gildra er resónansrás gerð úr spólu og þétti, sem lokar fyrir straum á tilteknum tíðnum. Dæmi um slíkt er

Eitt fyrsta mælitækið að fjölmælimum frátöldum sem amatörar koma sér gjarnan upp er lofnetsgreinin. Hér til hægri sést sá frægi og algengi MFJ en margar aðrar gerðir eru fjanlegar og verðið er allt frá og uppúr, eins og sagt er. Þessir mælur nýtast líka til fleiri mælinga en bara á loftnetum, s.s. á spólum, þéttum og rásum úr heim, fæðilinum og mörgu öðru.



tvíþóllinn sem nefndur er eftir amatör með kallmerkið W3DZZ (*W3DZZ dipole*) og ýmis lóðrétt loftnet sem framleidd eru fyrir stuttbylgjuböndin. Önnur loftnet eru hönnuð til að ná resónans með öðrum hætti, s.s. G5RV tvíþóllinn (*G5RV dipole*).


Markmiðið með að ná resónans í loftneti er einkum að lágmarka standbylgju á fæðilínunni. En í stað þess að reyna að ná resónans í loftnetinu má sætta sig við við standbylgju á fæðilínunni og setja í staðinn sérstaka aðlögunarrás (*matching network, antenna tuner*) milli fæðilínunnar og sendiviðtækisins. Vissulega verður standbylgja þá áfram til staðar á fæðilínunni, með tilheyrandi töpum og stundum öðrum vandamálum, en standbylgjan nær þá ekki til sendiviðtækisins og það vinnur eins og það sé tengt loftneti í resónans.

Fyrstu radiósamböndin

Radióamatörar auðkenna sig með kallmerkjum og þegar sótt er um amatörleyfi hjá Fjarskiptastofu að loknu prófi má óska eftir tilteknu kallmerki ef það er ekki þegar frátekið. Íslensk kallmerki hefjast á bókstöfunum TF, þá kemur einn tölustafur og loks 2 eða 3 bókstafir. Lengi vel var landinu skipt upp í „kallsvæði“, sem hvert hafði sinn tölustaf til auðkenningar (höfuðborgarsvæðið hafði t.d. tölustafinn 3 og því hefjast enn mörg kallmerki með stöfunum TF3) en núna er val tölustafsins frjálst og almennt á bilinu 1 til 9. Val bókstafanna er frjálst og þannig má t.d. nota bókstafi sem standa fyrir upphafsstafi amatörsins, einhverja skammstöfun að eigin vali, eða velja má einfaldlega stafi af handahófi. Á árum áður, þegar skilyrði var að geta notað mors til fjarskipta, valdi fólk sér gjarnan bókstafi sem fljótlegt var að senda eða „hljómuðu vel“ í mors sendingum. Þá má hafa í huga að kallmerki eru oft stöfuð með stöðluðum orðum (*phonetic alphabet*) og þannig er t.d. kallmerkið TF3KX venjulega kallað út á ensku sem „*tango fox-trot three kilo x-ray*.“

Ekki er skilyrði lengur að halda dagbók yfir radiósambönd, en flestir radióamatörar gera það engu að síður. Ef ætlunin er að sækja um viðurkenningar fyrir

fjöldi radiósambanda eða landa sem haft er samband við er mikilvægt að halda slíka dagbók, hvort sem er á pappír eða í tölvu. Ennfremur getur verið gaman að eiga til söguna skráða, allt frá fyrsta radiósambandinu, geta skoðað hve mörg lönd séu komin í radiódagbókina, hvenær árs og hvenær sólarhrings sambönd hafa náðst o.s.frv.



Hér er skjáskot af algengu Loggforriti (*Logger32*) Eins og sjá má er ýmislegt fleira en bara sambandið sjálft sem haldið er utan um. Hér er t.d. verið að fylgjast með þyrpingunni (e. *cluster*), gætt að því hvort löndin/samböndin sem sjást séu 'ny' lönd fyrir notandann, og sambandið er um leið sýnt á landakorti, svo eitthvað sé nefnt. Mörg loggforrit eru í boði af netinu, sum eru ókeypis en önnur þarf að greiða fyrir.

Það getur verið framandi og jafnvel dálítill feimni fylgt því að hefja fyrsta radiósambandið. Hér er ómetanlegt að fá leiðsögn og aðstoð reynslumeiri radióamatörs, sem getur gefið góð ráð og jafnvel verið til aðstoðar við fyrsta radiósambandið, t.d. frá félagsstöð ÍRA. Ekki þarf að eiga mörg radiósambönd til að átta sig á hvernig þau eru gjarnan byggð upp og að þau geta verið tiltölulega einföld. Efni samskiptanna milli radióamatöra kunna að vera af ýmsum toga, en í grunninn geta þau verið nokkuð stöðluð. Þetta á einkum við þegar markmiðið er aðallega að ná staðfestu sambandi við amatör í tilteknu landi eða að ná stigum í radiókeppni, þar sem radiósamböndin eru örstutt og hröð.

Lokaorð

Hér hefur verið stiklað mjög lauslega á nokkrum ábendingum til byrjenda áður en farið er í loftið. Að ljúka amatörnámskeiði og prófi er aðeins fyrsta skrefið að því að verða fullgildur radióamatör. Afar gagnlegt er að geta leitað aðstoðar og ráða þeirra sem reyndari eru - og þá er gott að vera í góðum félagskap!

73 - Kiddi, TF3KX



Íslenskir radióamatörar; starfstímabilið 2022/23

Fundargerðir stjórnarskiptafundar og fundar nr. 1 í nýrri stjórn ÍRA; fjarfundir; haldnir í Skeljanesi 8. mars 2022 kl. 18:00.

Fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3GS ritari, TF3PW gjald-keri, TF3GZ meðstjórnandi og TF3UA og TF3EIN varamenn.

Viðtakandi stjórn: TF3JB formaður (endurkjörinn), TF3GZ og TF2LL (kjörnir til 2 ára), TF3GS og TF3PW (sitja síðara tímabil) og TF3UA og TF1EIN, varamenn (endurkjörnir).

Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar:

- Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
- Fundargerð 7. fundar 2021/22 frá 18. janúar lögð fram.
- Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
- Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
- Fundarslit og fundarhlé.

Tillaga að dagskrá 1. stjórnarfundar (eftir fundarhlé).

- Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins 2022/23.
- Tillaga að dagskrá lögð fram.
- Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
 - 31.01.2022...Erindi frá:** Arngrími Jóhannessyni TF5AD þar sem hann býður m.a. myndefni í CQ TF frá heimsókn sinni á Suðurskautlandið og Falklandseyjar.
 - 31.01.2022...Erindi til:** Arngríms. Honum þakkaður pósturinn og að efni verði komið á framfæri við ritstjóra CQ TF m. tilliti til birtingar í næsta félagsblaði.
 - 10.02.2022...Erindi frá:** Helge-Jörgen Lammers, DC3SHL þar sem hann segist langa til að heimsækja félagsaðstöðu ÍRA fimmtudaginn 10. febrúar.
 - 10.02.2022...Erindi til:** DC3SHL. Helge-Jörgen boðinn velkominn í heimasókn í Skeljanesi.
 - 15.02.2022...Erindi frá:** Sigurði R. Jakobssyni TF3CW þar sem hann framsendir tölvupóst KØBJ sem hyggst heimsækja landið 28.4.-5.5. n.k.
 - 16.02.2022...Erindi frá:** Victolero Requilme. Hann segist búsettur hér á landi og spyr um söluaðila sem selja stuttbylgjuviðtæki.
 - 16.02.2022...Erindi til:** Victolero. Honum vísað á FAJ sem hafi söluumboð fyrir Icom merkið, þ.á.m. stuttbylgjuviðtæki.
 - 17.02.2022...Erindi frá:** Burce Frahm KØBJ þar sem hann lýsir áhuga á að heimsækja félagsaðstöðu ÍRA á ferðalagi sínu til landsins 28.4.-5.5. n.k.
 - 17.02.2022...Erindi til:** Bruce. Hann boðinn velkominn í heimsókn í Skeljanesi og upplýsingar veittar um að opið sé á fimmtudögum kl.20-22.
 - 21.02.2022...Erindi frá:** Fannari Frey Jónssyni. Hann spyr um námskeið til amatörprófs á næstunni.
 - 21.02.2022...Erindi til:** Fannars Freys. Honum bent á að fylgjast með á heimasíðu ÍRA; námskeið verði væntanlega í boði í byrjun marsmánaðar.

- 23.02.2022...Erindi frá:** Guðrúnu Sæborgu Ólafsdóttur, 101 Reykjavík. Guðrún Sæborg óskar eftir skráningu á næsta námskeið ÍRA til amatörprófs.
 - 23.02.2022...Erindi til:** Guðrúnar Sæborgar. Henni þökkun skránings á námskeið og sagt að félagið muni hafa samband þegar dagsetningar liggja fyrir.
 - 26.02.2022...Erindi frá:** Formanni NRRL þar sem hann reifar skoðanir norska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NARU.
 - 26.02.2022...Erindi frá:** Gunnari Guðlaugssyni, 201 Kópavogi. Óskar inngöngu í ÍRA.
 - 26.02.2022...Erindi til:** Gunnars. Hann var boðinn velkominn í félagið og honum send venjuleg gögn á rafrænu formi.
 - 26.02.2022...Erindi frá:** Ritara IARU vegna umsóknar The Sudan Amateur Radio union (SARU) um aðild að IARU.
 - 27.02.2022...Erindi frá:** Formanni SSA þar sem hann reifar skoðanir sænska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 - 27.02.2022...Erindi frá:** Formanni ÍRA þar sem hann reifar skoðanir íslenska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NARU.
 - 27.02.2022...Erindi frá:** Stjórn ÍRA til félagsmanna með vefslóð á ársskýrslu félagsins 2021/22.
 - 28.02.2022...Erindi frá:** Formanni SRAL þar sem hann reifar skoðanir finnska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 - 28.02.2022...Erindi frá:** Formanni EDR þar sem hann reifar skoðanir danska félagsins um Úkraínumálið í umræðuhópi formanna NRAU.
 - 28.02.2022...Erindi frá:** Varaforseta IARU þar sem hann kynnir yfirlýsingu alheimssamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU, um Úkraínumálið.
 - 02.23.2022...Erindi frá:** Robert Prorok SQ9FMU. Hann sendir dreifipóst á öll aðildarfélög IARU þar sem hann lýsir ósætti sínu með yfirlýsingu alheimssamtakanna.
 - Janúar 2022...Orðsendingar frá formanni til stjórnar milli stjórnarfunda:** 20., 22., 25., 26., 28., 29., 30. og 31.1.
 - Febrúar 2022...Orðsendingar frá formanni til stjórnar milli stjórnarfunda:** 3., 7., 13., 16., 18., 21., 23., 24., 25., 27. og 28.2.
 - Mars 2022...Orðsendingar frá formanni til stjórnar milli stjórnarfunda:** 3. og 5.3.
- Stjórn skiptir með sér verkum.
 - Aðalfundur 2022: Fundargögn, kostnaður, drög að fundargerð aðalfundar lögð fram.
 - Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfunda.
 - Námskeið til amatörprófs.

8. Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.
9. Páskaleikar 2022; 15.-17. apríl.
10. Alþjóðadagur radióamatöra 2022; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
11. CQ TF, útgáfuáætlun 2022/23. Tillaga ritnefndar lögð fram.
12. Önnur mál.
 - a. *Umsókn The Sudan Amateur Radio Union (SARU) um aðild að IARU.*
 - b. *Úkraínustríðið og málefni radióamatöra.*
13. Næsti fundur stjórnar.
14. Fundarslit.

Stjórnarskiptafundur.

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti fjarfundinn kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3DC, TF3GS, TF3PW, TF3GZ, TF2LL, TF3UA og TF1EIN. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

b. Fundargerð 7. fundar 2020/21 frá 18. janúar lögð fram.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

Þar sem stjórnin situr áfram nánast óbreytt eru menn inni í málum. Samþykkt að vísa útastandandi málum til nýrrar stjórnar.

d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húsyklum.

Formaður, TF3JB þakkaði fráfarandi stjórn fyrir framúrskarandi góð störf. Hann flutti Óskari Sverrissyni, TF3DC sérstakar þakkir fyrir átta ára setu í stjórn og sagðist um leið vilja bjóða Georg Magnússon, TF2LL velkominn til stjórnarstarfa. Óskar þakkaði kærlega fyrir samstarfið. Stjórnarmenn tóku undir með lófaklappi.

e. Fundarslit og fundarhlé.

Formaður, TF3JB, sleit stjórnarskiptafundi kl. 18:15.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2022/23.

Formaður, TF3JB, setti fundinn kl. 18:15.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður fór yfir innkomin og útsend erindi á milli funda. Engar athugasemdir komu fram.

4. Stjórn skiptir með sér verkum

Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2022/23:

- Jónas Bjarnason TF3JB, formaður.
- Georg Magnússon, TF2LL, varaformaður.
- Guðmundur Sigurðsson TF3GS, ritari.
- Jón Björnsson TF3PW, gjaldkeri.
- Georg Kulp TF3GZ, meðstjórnandi.
- Sæmundur Þorsteinsson TF3UA, varamaður.
- Heimir Konráðsson TF1EIN, varamaður

5. Aðalfundur 2022: Fundargögn, kostnaður, drög að fundargerð.

Aðalfundur félagsins 2022 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju sunnudaginn 20. febrúar. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, sem fundarstjóri og fundarritari. Alls mætti 21 félagsmaður. Fundur var settur kl. 13:00 og slitið kl. 14:33. Félagsgjald var ákveðið kr. 7.000 fyrir starfsárið 2022. Gjaldið hafði verið 6.500 krónur um árabil. Kostnaður félagssjóðs vegna húsaleigu og kaffiveitinga nam 20 þúsund krónum. TF3UA skýrði frá því að drög væru þegar komin að fundargerð aðalfundar. Gögn sem lögð voru fram í aðalfundarmöppu ásamt skrifmálum:

- *Dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun.*
 - *Lög ÍRA; sérprentun.*
 - *Skýrsla um starfsemi ÍRA 2021/22 (189 bls. að stærð).*
 - *Áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir starfsárið 2021.*
 - *Listi yfir viðtakendur verðlauna og viðurkenninga ársins 2021.*
 - *Nýtt ávarpsbréf til nýrra félagsmanna, 3. útg. 2022.*
 - *Nýtt kynningarrit um amatör radió og ÍRA, 1. útg. 2022.*
- Sjá nánari upplýsingar frá fundinum í 2. tbl. CQ TF 2022.

6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni, fyrirkomulag og fundartími/staður stjórnarfundar.

TF3JB, formaður kynnti framlagða samantekt um verkefni á nýju starfsári. Hann sagði að þau væru einkum tvennskonar, þ.e. fóst verkefni og ný – auk tilfallandi og ófyrirséðra verkefna, samanber eftirfarandi yfirlit.

Rekstur félagsaðstöðu í Skeljanesi.

- *Undirbúningur og opnun og viðvera á fimmtudagskvöldum. Ennfremur innkaup og tiltekt á kaffi og meðlæti, undirbúningur á fundarsal, fjarskiptaherbergi og QSL herbergi, þ.m.t. þrif.*
- *Skeljanes utanhúss, snyrting á gróðri við inngang og yfirmálun á veggjakroti á bárujárnsgríðingu.*
- *Loftnet TF3IRA. Viðhald og uppsetning loftneta í eigu félagsins og þeirra sem bíða uppsetningar.*
- *Búnaður í fjarskiptaherbergi; fjarskiptaborð A, B og C; viðhald og uppfærsla.*

Virkjun kallmerkja félagsins: TF3IRA, TF3W, TF3HQ, TF3WARD, TF3YOTA.

- *Virkjun TF3IRA í fjarskiptaviðburðum félagsins (sjá neðar).*
- *Virkjun TF3IRA/TF3W í helstu alþjóðlegum keppnum, m.a. SAC, CQ, WAE o.fl.*
- *Virkjun TF3HQ í IARU HF World Championship 9.-10. júlí.*
- *Virkjun TF3WARD 18. apríl.*
- *Virkjun TF3YOTA, m.a. í desembermánuði.*
- *Eftir Covid-19: Stefnt verði að fleirmenningsþátttaka frá félagsstöðinni.*

Fjarskiptaviðburðir ÍRA 2022: TF1IRA, TF3IRA.

- *Páskaleikarnir 15.-17. apríl.*
- *VHF/UHF leikarnir 8.-10. júlí.*
- *TF útileikarnir 30. júlí-1. ágúst.*
- *Vita- og vitaskipahelgin 20.-21. ágúst.*
- *Eftir Covid-19: Stefnt verði að fleirmenningsþátttöku í innanlandsviðburðum.*

Vor- og vetrardagskrá og vettvangsferðir á árinu 2022.

- Vordagskrá í apríl-maí, þ.m.t. flóamarkaður í lok maí-mánaðar.
- Vetrardagskrá í október-desember.
- Vettvangsferð í fjarskiptastöð bandaríska flotans í Grindavík.
- Vettvangsferð í Borgarfjörð.

Afmælisboð vegna 75 ára afmælis ÍRA.

- Afmælisboð fyrir félagsmenn og gesti verði haldið sunnudaginn 14. ágúst 2022 í Skeljanesi.

Tölvupóstfang, heimasíða og FB síður.

- Dagleg umsjón með tölvupóstfangi félagsins, ira@ira.is
- Umsjón með uppfærslu opnunarsíðu www.ira.is, fréttir & tilkynningar þ.m.t. innsetning á FB síður.
- Uppfærsla á undirsíðum í samvinnu við nefndir félagsins og embættismenn.

Útgáfumál.

- CQ TF, undirbúningur og útgáfa; 4. tölublöð á starfsárinu 2022/23.
- Kynningarefni, þ.m.t. gerð myndbands fyrir YouTube.

Námskeið.

- Námskeið til amatörprófs í mars-maí.
- Samvinna stjórnar, prófnefndar og umsjónarmanns námskeiða við undirbúning og rekstur.
- Undirbúningur námsefnis
- Aðkoma stjórnarmanna við rekstur meðan á verkefninu stendur; til aðstoðar við umsjónarmann.

Stjórnvöld.

- Samskipti við Fjarskiptastofu.
- Uppfærsla reglugerðar.

Erlend samskipti stjórnar og embættismanna.

- NRAU, IARU og IARU Svæði 1, auk samskipta við einstök landsfélög radióamatörfélaga.
- Einnig erlend samskipti embættismanna í nafni félagsins.

Önnur verkefni.

- Endurskoðun embættismannakerfis.
- Innifalið í verkefninu er gerð starfslýsinga embættis.

Fundarmenn tóku vel í framlagða samantekt. Sérstök samþykkt var gerð um að stefna að því að halda upp á 75 ára afmæli félagsins 14. ágúst í sumar. Undir dagskrárlíðnum var einnig samþykkt að stjórnarfundir fari fram á starfsárinu á fimmtudögum kl. 18:00 í Skeljanesi.

7. Námskeið ÍRA til amatörprófs

Farið yfir stöðu á undirbúningi á námskeiði félagsins sem miðar vel. Stefnt er að því að hefja námskeiðið 28. mars í HR. Þegar hafa borist fyrirspurnir frá áhugasömum nemendum.

8. Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.

Farði yfir drög að starfsáætlun næsta árs. Margt spennandi framundan, málið verður rætt betur á næsta fundi.

9. Páskaleikar 2022; 15.-17. apríl

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY umsjónarmaður páskaleikana er tilbúinn með skráningarkerfið fyrir leikana. Stjórn hvetur félaga til að taka þátt.

10. Alþjóðadagur radióamatöra 2022; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.

TF3WARD verður rekin frá fjarskiptaaðstöðu félagsins í Skeljanesi. Ræða á við Fjarskiptastofu um möguleika þess að virkja TF3WARD frá heimastöð félagsmanna sem hafa áhuga fyrir slíku.

11. CQ TF, útgáfuáætlun 2022/23. Tillaga ritnefndar.

Formaður, TF3JB lagði fram tillögu ritnefndar að útgáfuáætlun CQ TF á nýju starfsári, 2022/23. Áætlunin gerir ráð fyrir fjórum tölublöðum sem komi út á eftirfarandi dagsetningum:

- 2. tbl. 2022; sunnudag 3. apríl.
- 3. tbl. 2022; sunnudag 3. júlí.
- 4. tbl. 2022; sunnudag 2. október.
- 1. tbl. 2023; sunnudag 29. janúar (2023).

Miðað er við að hvert blað verði af stærðinni 40-48 blaðsíður (óbreytt frá síðasta starfsári). Miðað er við að prentuð verði 25 eintök af hverju blaði til notkunar fyrir félagið (óbreytt frá síðasta starfsári). Loks er miðað er við að birta áfram styrktarlínu Vodafone á bls. 2 eins og birt var í fyrsta sinn í 1. tbl. 2022. Tillaga ritnefndar samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

- Umsókn The Sudan Amateur Radio Union (SARU) um aðild að IARU. Samþykkt.
- Úkraínustriðið og málefni radióamatöra. Stjórn ÍRA hvarf að leyfishöfum í Úkraínu sé óheimilt að stunda áhugamál sitt.

Formaður, TF3JB lagði fram minnisblað um innsetningu sem gerð var á heimasíðu og FB síður **24. febrúar 2022** undir fyrirsögninni: „Leyfi radióamatöra afturkolluð í Úkraínu“.

„Stjórnvöld í Úkraínu hafa afturkallað öll leyfi til radióamatöra frá og með miðnætti 24. febrúar vegna stríðsátakanna í landinu. Ákvörðunin gildir í allt að 30 daga eða þar til nánar verður ákveðið. Stjórn ÍRA“.

Formaður skýrði jafnframt frá umræðum sem áttu sér stað innan IARU Svæðis 1 og NRAU um afstöðu gagnvart innrásaráðilanum og leyfishöfum þess lands, einkum dagana 26.-28. febrúar 2022.

Nokkrar umræður hafi einnig farið fram á FB síðum hér á landi eftir innsetningu upplýsinga á heimasíðu og FB síður 24. febrúar þess efnis, að stjórnvöld í Úkraínu hafi afturkallað öll leyfi radióamatöra frá og með miðnætti þann dag vegna stríðsátakanna í landinu. Ákvörðunin gildir í allt að 30 daga eða þar til nánar verður ákveðið.

Umræðurnar sem vísað er til að ofan innan stjórnar Nordisk Radio Amatør Union (NRAU) hafa sumpart verið svipaðar. Undirritaður setti eftirfarandi texta í nafni ÍRA 27. febrúar 2022 inn í umræðurnar. Samráð var haft við Kristján Benediktsson, TF3KB NRAU/IARU tengilið félagsins.

Dear all,

On behalf of ÍRA, it is our current view that we will honour the non-political principle and not make any statement at this time.

We feel it is up to each member society if they want to cancel their contests under the current situation.

Although some societies seem to recommend restricting contacts with Russian radio amateurs, we agree with the IARU point of view this is up to the individual radio amateur.

73,

Jónas Bjarnason, TF3JB
President of Icelandic Radio Amateurs (ÍRA)

Eftirfarandi yfirlýsing alheimssamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU, barst frá varaforseta IARU, Ole Garpestad, LA2RR fyrir hönd IARU 28. febrúar 2022.

In response to recent world events, the International Amateur Radio Union has issued the following statement:

“IARU is an apolitical organization focused on promoting and defending amateur radio and the amateur radio services. The amateur radio service is about self-instruction in communications and friendship between people.”

Texti er af FB síðu HF nefndar DARC 1. mars 2022.

“Any radio amateur currently transmitting from Ukraine is risking his or her life. If you hear a Ukrainian station, do not broadcast its callsign, location or frequency — whether on the band, in a cluster or on social media. You may be putting lives at risk.”

c. Prentun á gögnum fyrir stjórnarfundi.

Prófa á að minka prentun á fundargögnum.

13. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar verður fimmtudaginn 19. maí kl. 18:00 í Skeljanesi.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 18:45.

*Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA*

Fundur nr. 2 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 19. maí 2022 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerðir lagðar fram frá 8. mars; stjórnarskiptafundur og 1. fundur nýrrar stjórnar 2022/23.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
 - **10.03.2022...Erindi til:** Fjarskiptastofu; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.
 - **10.03.2022...Erindi til:** Fjarskiptastofu; ósk um að próf til amatörleyfis verði haldið laugardaginn 20. maí í Háskólanum í Reykjavík.
 - **10.03.2022...Erindi frá:** Gjaldkera IARU Svæðis 1; fyrirspurn um fjölda félagsmanna árið 2021 v/undirbúnings reiknings v/félagsgjalds ÍRA í IARU Sv. 1 2022.
 - **11.03.2022...Erindi frá:** Fjarskiptastofu; staðfesting á prófdegi og prófstað samkvæmt ósk félagsins.
 - **15.03.2022...Erindi til:** IARU; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.
 - **15.03.2022...Erindi til:** IARU Svæðis 1; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.
 - **15.03.2022...Erindi til:** NRAU; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2022/23.
 - **15.03.2022...Erindi frá:** Fjarskiptastofu; áhyggjur LHG varðandi endurvarpann á 1297 MHz í Bláfjöllum; þeir

eru hræddir við að þetta geti valdið vandræðum. Er á nákvæmlega sömu tíðni og radar notar og sjónlína á milli þar að auki. Spyrja hvort ekki sé hægt að vera með á öðrum stað þar sem ekki er sjónlína við radar.

- **15.03.2022...Erindi til:** Fjarskiptastofu; ÍRA mun sjá til þess að endurvarpinn verði ekki lengur í notkun á þessum stað. Einnig að borið verði undir stofnunina fyrirhugað nýtt staðarval áður en að tækið verði sett upp á ný.
 - **20.03.2022...Erindi frá:** IARU Svæði 1; frestur til skráningar á milliráðstefnu svæðisins í Friedrichshafen 23.-26. júní 2022 framlengdur til 31. mars.
 - **23.03.2022...Erindi frá:** IARU Svæði 1; skýrsla um ráðstefnu R1 2001 hefur verið birt: [SUhttps://www.iaru-r1.org/about-us/how-iaru-works/regional-conferences/](https://www.iaru-r1.org/about-us/how-iaru-works/regional-conferences/)
 - **05.04.2022...Erindi frá:** IARU Svæði 1; reikningur vegna árgjalds svæðis 1 2022 (fjárhæð: €214.26); reikningur framsendur til TF3PW, gjaldkera.
 - **20.04.2022...Erindi frá:** IARU Svæði 1; kynning á vefslóð á ráðstefnugögn milliráðstefnu svæðisins 2022; nefndir: HF (C4); VHF/UHF/SHF (C5) og EMC (C7).
 - **08.05.2022...Erindi frá:** Þakkarbréf frá HB9VQQ um að greinin hans um WSPRnet í 3. tbl. CQ TF 2021 hafi borið árangur, en TF3T býðst til að sinna verkefninu.
 - **12.05.2022...Erindi frá:** IARU Svæði 1; kynning á nýrri vefslóð á ráðstefnugögn milliráðstefnu svæðisins sem haldin verður í Friedrichshafen 23-25. júní n.k.
 - **13.05.2022...Erindi frá:** Fjarskiptastofu; tímabundin heimild um aukið afl á 50 MHz (6 metrum) í júní-september 2022.
 - **Mars...Erindi frá:** Formanni til stjórnar (á milli funda): 9., 10., 11., 13., 15., 20., 22., 23., 25., 27., 28., 29. og 31. mars.
 - **Apríl...Erindi frá:** Formanni til stjórnar (á milli funda): 2., 4., 5., 7., 8., 9., 11., 18. og 19. apríl.
4. Skipan embættismanna starfsárið 2022/23.
 5. Skýrsla gjaldkera, m.a. um stöðu félagssjóðs og innheimtu 2022.
 6. Námskeið ÍRA til amatørprófs sem hófst 28. mars; skýrsla umsjónarmanns.
 7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23; framhaldsumræða.
 8. Fjarskiptaviðburðir í boði ÍRA á árinu 2022. *Páskaleikar 15.-17. apríl; VHF leikar 8.-10. júlí og TF útileikar 30. júlí - 1. ágúst.*
 9. CQ TF, 2. tbl. kom út 3. apríl á heimasíðu. *Kom úr prentun 12. apríl; var póstlagt 13. apríl og sent til Norðurlandafélaganna 27. apríl.*
 10. Flóamarkaður.
 11. Vetrardagskrá ÍRA október-desember.
 12. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda. TF3W í CQ WW WPX SSB keppninni 26.-27.3.; TF3IRA í páskaleikunum 15.-17.4. og TF3WARD QRV 18.4.
 13. Framleiðsla borðfána og bílrúðumerkja með félagsmerknu.
 14. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.
 15. Önnur mál.
 - a. Tilkynning um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 send til Fjarskiptastofu 10. mars.
 - b. Tilkynningar um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 sendar til IARU, IARU R1 og NRAU 15. mars.

- c. Þrjár sendingar af radiódóti bárust félaginu 21., 22. og 23. mars frá NN.
 - d. Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsgrindverkinu 1. apríl.
 - e. Bil í bárujárnsvegg (sem snýr að bílastæði) brúað 3. apríl.
 - f. Vatn flæddi í geymslu félagsins í kjallaranum í Skeljanesi 4. apríl.
 - g. Fárhagsstyrkur Eiðs Kristins Magnússonar, TF1EM til ungmennastarfs félagsins.
 - h. Lýsing komst í lag í Skeljanesi, innan- og utandyra 11. apríl.
 - i. Páskakveðjur voru sendar frá stjórn til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 14. apríl.
 - j. Málað yfir trévegginn sem er á hægri hönd við innganginn í Skeljanesi 18. apríl.
 - k. Endanlega gengið frá 160 metra loftneti félagsstöðvarinnar á sumardaginn fyrsta, 21. apríl.
 - l. Síðasta sending af radiódóti frá dánarbúi TF3GB barst félaginu 23. apríl.
 - m. Mælitækjagjöf barst félaginu 13. maí.
 - n. Endurinnsetning TF3WZ á félagatali á heimasíðu 16. maí.
 - o. Orðsendingar formanns til stjórnar 2020-2022.
 - p. Hreinsun á brotajárni.
 - q. Stuðningur við rekstraraðila viðtækja yfir netið.
16. Næsti fundur stjórnar.
17. Fundarslit.

1. Fundarsetning og tillaga að dagskrá.

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá 8. mars; stjórnarskiptafundur og 1. fundur nýrrar stjórnar 2022/23.

Báðar fundargerðir voru samþykktar samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Skipan embættismanna starfsárið 2022/23.

Formaður, TF3JB kynnti framlagða skýrslu um endurskoðun á embættismanakerfi félagsins. Farið var yfir lista embættismanna og samþykkt að framlengja óbreytta skipan þeirra 2022/23 í ljósi væntanlegrar endurskoðunar.

5. Skýrsla gjaldkera, m.a. um stöðu félagssjóðs og innheimtu 2022.

Staða félagsjóð er góð. Innheimta félagsgjalda ársins hefst á næstunni

6. Námskeið ÍRA til amatörprófs sem hófst 28. mars; skýrsla umsjónarmanns.

Námskeiðinu er lokið og hafa 14 skráð sig til prófs. Þar af eru 2 sem taka það utan Reykjavíkur. Stjórn þakkar Jóni Björnssyni, TF3PW sérstaklega fyrir vel unnin störf.

7. Starfsáætlun stjórnar 2022/23; framhaldsumræða.

Farið yfir forsendur. Endanleg tillaga verður lögð fyrir næsta fund stjórnar til samþykktar.

8. Fjarskiptaviðburðir í boði ÍRA á árinu 2022.

Um er að ræða Páskaleika sem fram fóru 15.-17. apríl, VHF/UHF leika sem fram fara 1.-3. júlí n.k. og TF útleika sem fram fara 30. júlí til 1. ágúst. Samþykkt heimild til framleiðslu verðlaunagripa og verðlaunaskjala.

9. CQ TF, 2. tbl. kom út 3. apríl 2022 á heimasíðu.

Fyrsta félagsblað starfsársins (2. tbl. 2022) kom út á staf-rænu formi á heimasíðu ÍRA sunnudaginn 3. apríl. Blaðið er 44 bls. að stærð. Tölvupóstar voru sendir á félagsmenn með vefslóð á blaðið, auk þess sem tilkynning var sett á FB síður.

Blaðið kom úr prentun 12. apríl og var póstlagt til Fjar-skiptastofu, heiðursfélaga o.fl. sama dag. Rafræn útgáfa var síðan sent til systurfélaganna á Norðurlöndum 27. apríl.

10. Flóamarkaður.

Samþykkt að efnt verði til flóamarkaðar félagsins sunnu-daginn 12. júní.

11. Vetrardagskrá ÍRA október-desember.

Samþykkt að setja að nýju í gang vetrardagskrá félagsins í október n.k. Um er að ræða uppfærða dagskrá sem gangsett var 13. febrúar 2022 en þurfti að fella niður þremur vikum síðar vegna Covid-19 faraldursins.

Athugað verður hvaða viðburði, erindi o.fl., verður hægt að bjóða aftur sem voru á áætlun í dagskránni 2020 og fella þurfti niður vegna faraldursins. Miðað er við að nýrri vetrardagskrá 2022 ljúki með viðhafnarkaffi/jólakaffi ÍRA þann 15. desember.

12. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

Á tímabilinu 8. mars til 19. maí var félagsstöðin virkjuð undir þremur kallmerkjum, TF3IRA, TF3W og TF3WARD. TF3W var virkjuð í CQ WW WPX SSB keppninni 2022 sem fram fór 26.-27.3.; TF3IRA var QRV í páskaleikunum 15.-17.4. og TF3WARD var QRV á alþjóðadegi radió-amatöra, 18. apríl.

TF3W var QRV 27. mars (sunnudag) í CQ WW WPX SSB keppninni; aðallega til að „vera með“ í keppninni, enda voru ekki höfð mörg QSO; 20 talsins. TF3JB var á hljóðnema.

TF3IRA var QRV 6. apríl (laugardag) frá kl. 10 f.h. til kl. 16 síðdegis. Á þessum tíma var haft 41 samband á 144 MHz (FM og SSB), 433 MHz (FM og SSB) 50 MHz (SSB), 70 MHz (SSB) og 3.6 MHz (SSB og CW). TF3JB var á hljóðnema og lykli. Opið hús var auglýst á heimasíðu og FB síðum á sama tíma í félagsaðstöðunni og mættu 12 félagar og 2 gestir í Skeljanes og þáðu kaffi og veitingar.

Kallmerkið TF3WARD (*World Amateur Radio Day*) var QRV í þriðja skipti frá félagsaðstöðunni 18. apríl – annan í páskum. Alls var haft 301 samband á SSB á 3.6 og 14 MHz; þ.á.m. voru sambönd við TF stöðvar. TF3JB var á hljóðnema.

13. Framleiðsla borðfána og bílrúðumerkja með félagsmerkinu.

Samþykkt að framleiða borðfána og bílrúðumerki með félags-merkinu. Athugað verði með framleiðslu á félagsmerkinu til álímingar [utaná] í sömu stærð ef það er ekki of dýrt.

14. Aðgangur félagsmanna að fjarskiptabúnaði ÍRA yfir netið.

Formaður, TF3JB hafði framsögu og kynnti m.a. áhuga nokkurra félagsmanna um að geta notað búnað félagsins til

DX fjarskipta yfir netið. Samþykkt að skoða hvernig önnur landsfélög gera þetta.

15. Önnur mál.

a. Tilkynning um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 send til Fjarskiptastofu 10. mars.

Málið kynnt.

b. Tilk. um nýja skipan stjórnar ÍRA 2022/23 sendar til IARU, IARU R1 og NRAU 15. mars.

Málið kynnt.

c. Þrjár sendingar af radiódóti bærust félaginu 21., 22. og 23. mars frá NN.

Umtalsvert magn af radiódóti. Stjórn ÍRA þakkar viðkomandi fyrir velvild í garð félagsins.

d. Málað yfir veggjakrot á langa bárujárnsgrindverkinu 1. apríl.

Stjórn þakkar TF3JB fyrir vel unnið verk.

e. Bil í bárujárnsvegg (snýr að bílastæði) brúað 3. apríl.

Stjórn þakkar TF3GZ fyrir vel unnið verk.

f. Vatn flæddi í geymslu félagsins í kjallaranum í Skeljanesi 4. apríl.

Formaður, TF3JB skýrði frá atvikinu; en ekki urðu miklar skemmdir á eignum félagsins í geymslunni.

g. Fjárhagsstýrkur Eiðs Kristins Magnússonar, TF1EM til ungmennastarfs félagsins.

Stjórn ÍRA þakkar 22 þúsund króna fjárhagsstyrk og góðan hug til ungmennastarfsins.

h. Lýsing komst í lag í Skeljanesi, innan- og utandyra 11. apríl.

Formaður, TF3JB skýrði frá viðgerð á vegum borgarinnar á lýsingu í ganginum niðri í Skeljanesi, auk þess sem gert var við útiljósastæði.

i. Páskakveðjur voru sendar frá stjórn til félagsmanna á heimasiðu og FB síðum 14. apríl.

Stjórnarmenn lýstu yfir velþóknun.

j. Málað yfir trévegginn sem er á hægri hönd við innganginn í Skeljanesi 18. apríl.

Stjórn þakkar TF3JB fyrir vel unnið verk.

k. Endanlega gengið frá 160m loftneti félagsstöðvarinnar á sumardaginn fyrsta, 21. apríl.

Stjórn þakkar TF3GZ fyrir vel unnið verk.

l. Síðasta sending af radiódóti frá dánarbúi TF3GB barst félaginu 23. apríl.

Stjórn þakkar TF3AO fyrir að færa dótið í Skeljanesi.

m. Mælitækjagjöf barst félaginu frá NN 13. maí.

Stjórn ÍRA þakkar viðkomandi fyrir velvild í garð félagsins.

n. Endurinnsetning vefstjóra á félagatali á heimasiðu 16 maí

Stjórn þakkar TF3WZ fyrir dýrmæta aðstoð. Ennfremur þakkar til TF3VS fyrir aðstoð við frekari lagfæringar á félagatalinu.

o. Orðsendingar formanns til stjórnar 2020-2022.

Formaður, TF3JB gat þess, að „Bréf formanns/orðsendingar til stjórnar“ frá 22.3.2020 til 19.4.2023 væru alls orðnar alls 279.

Hann nefndi, að þegar liðið hafi á marsmánuð 2020 hafi orðið ljóst, að Covid-19 faraldurinn væri kominn til að vera, a.m.k. um einhvern tíma. Sú nýjung hafi þá verið tekin upp þegar faraldurinn ágerðist – og stjórnarmenn áttu þess ekki lengur kost að hittast í félagsaðstöðunni í Skelja-

nesi á fimmtudagskvöldum – að formaður tók upp aukið samráð við stjórnarmenn.

Farvegur fyrir aukið/virkt samráð fólst í þeirri nýbreytni, að formaður sendi tölvupóst (orðsendingu) til stjórnarmanna á milli stjórnarfunda – eftir því sem málefni kölluðu eftir til að halda mönnum upplýstum. Orðsendingarnar voru síðan prentaðar út og afhentar í möppu með fundargögnum á næsta stjórnarfundi. Formið var ein A4 blaðsíða í hvert skipti.

Á starfsárinu 2020/21 (22.3.2020-25.2.2021) voru þannig alls sendar 104 orðsendingar, á starfsárinu 2021/22 (25.3-20.2.2022) alls 145 og það sem af er starfsárinu 2022/23, alls 30.

Síðasta orðsendingin var send til stjórnarmanna 19. apríl 2022 og komst formaður þannig að orði: „Þar sem við virðumst nú lausir við faraldurinn er mál að þessum sendingum frá mér til ykkar linni og verður þetta því síðasta orðsendingin af þessu tagi og taka nú við hefðbundin samskipti um málefni félagsins“.

Stjórnarmenn þökkðu fyrir sendingarnar og lögðu að formanni að halda verkefninu áfram sæi hann möguleika á því. Formaður þakkaði góð orð og ætlar að skoða málið.

p. Hreinsun á brotajárni sem safnast hefur saman í portinu bak við Skeljanesi.

Georg Magnússon, TF2LL ætlar að hreinsa til í brotajárni í portinu bak við Skeljanesi. Síðustu ár (fyrir Covid-19) auglýsti félagið nokkrum sinnum að félagsmenn gætu fengið járnstangir o.þ.h. sem hafði safnast að félaginu, sérstaklega á tímabilinu 2009-2013. Fáir höfðu áhuga. Georg reiknar með að gera tvær ferðir og sækja slatta í hvort skipti. Stjórn þakkar TF2LL gott frumkvæði.

q. Stuðningur við rekstraraðila viðtækja yfir netið. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS spurði um hugsanlegan fjárstuðning úr félagsjóði ÍRA til eigenda og rekstraraðila KiwiSDR viðtækja yfir netið [og annarra viðtækja yfir netið].

Hann nefndi m.a., að not félagsmanna af þessum búnaði væru orðin útbeidd og að menn væru farnir að reiða sig á tilveru viðtækjanna. Nokkrir félagsmenn hafi fjárfest í þessum viðtækjum og sett upp og komið fyrir á eigin kostnað. Fastur rekstrarkostnaður væri netáskrift og spurning hvort ÍRA væri til í að standa straum af slíkum kostnaði. Í því felist viðurkenning til þessara aðila, auk þess sem það mundi létta af þeim mánaðarlegum áskriftargjöldum. Aðkoma félagsins væri til þess fallin að vera hvati til þessara félaga okkar að sinna þessu mikilvæga verkefni áfram. Samþykkt að íhuga málið fram að næsta fundi. Formaður, TF3JB benti á umfjöllun um viðtækin í 13. kafla í ársskýrslu ÍRA (bls. 133) sem lögð var fram á aðalfundi 2022. Vefslóð: <https://tinyurl.com/arsskyrsla2022f>

16. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði haldinn fimmtudaginn 7. júlí kl. 18:00 í Skjalanesi.

17. Fundarslit.

Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:30.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA



Bókahorn ÍRA

Óskar Sverrisson, TF3DC

Til umfjöllunar: Bækur Andrew Barron, ZL3DW.

Útgefandi: Radio Society of Great Britain (RSGB).

Brot: 17.4 x 24 cm.

Söluaðilar: Bóksöluur RSGB og Amazon á netinu.

Að þessu sinni er ekki tekin fyrir tiltekin bók til umfjöllunar, heldur er vakin athygli á bókum Andrew Barron, ZL3DW sem undanfarin ár hefur skrifað 9 bækur fyrir radióamatöra sem notið hafa vinsælda, þar af eru sex um sendi-/móttökustöðvar radióamatöra. Bækurnar eru gefnar út í handhægu broti (17.4 x 24 cm). Útgefandi er RSGB og er verði stillt í hóf. Þær kosta frá 3.000 kr. komnar til Íslands (m.v. verðlag í júní 2022).

Andrew er verkfræðingur að mennt og hefur verið leyfishafi frá árinu 1976. Líkt og kallmerkið gefur til kynna er hann Nýsjálandingur og auk þess að skrifa bækur, hefur hann skrifað fjölda greina um fjarskipti í tímarit, þ.á.m. í „Break-In“ og „RadCom“ sem eru tímarit landsfélaga radióamatöra á Nýja Sjálandi og í Bretlandi.¹

Bækurnar sex um sendi-/móttökustöðvar radióamatöra eru gefnar út í bókaflökki RSGB „The radio today guide to...“ o.s.frv. Margir segja að lykkillinn að velgengni Andrew sé hve vel honum tekst upp að skrifa einfaldan og myndrænan texta sem er laus við útdúru og skrudmælg; hann kemur sumsé beint að efninu. Þá er það honum ótvírætt til framdráttar að vera leyfishafi með áratuga reynslu og ástríðu fyrir áhugamálinu.

Undirritaður hefur eina af bókun Andrew um sendi-/móttökustöðvar undir höndum. Hún er vel upp sett og með töflum og myndum (svart/hvítum) – þar



sem þeirra er þörf. Leturgerð er þægileg aflestrar. Þá er efnisyfirlit greinargott og orðalisti (*e. glossary*) og atriðaskrá (*e. index*) eru aðgengilegar til uppflettingar. Tilvísanir í annað efni sem höfundur telur skipta máli eru vel valdar og áhugaverðar.

73 de Óskar / TF3DC.

- *The radiotoday guide to Icom IC-7300.* (165 bls.; 2019).
- *The radiotoday guide to Icom IC-7610.* (160 bls.; 2019).
- *The radiotoday guide to Icom IC-9700.* (232 bls.; 2019).
- *The radiotoday guide to Icom IC-705.* (226 bls.; 2021).
- *The radiotoday guide to Yaesu FTdx101.* (210 bls.; 2021).
- *The radiotoday guide to Yaesu FTdx10.* (205 bls.; 2021).
- *Amsats and Hamsats; Amateur Radio and Other Small Satellites.* (368 bls. 2018)
- *Testing 123; Measuring Amateur Radio Performance on a Budget.* (368 bls. 2020).
- *SDR Software Defined Radio for Amateur Radio Operators and Shortwave Listeners.* (307 bls. 201).

¹ Vefslóð á greinar ZL3DW í Break-In tímariti NZART: <https://www.qsl.net/zl3dw/Articles.html>



Viðurkenningar radióamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA

Ég fékk nýlega skemmtilegan tölvupóst frá félagsmanni sem hefur verið leyfshafi um nokkurra ára skeið. Hann sagðist hafa áhuga á „veggjaskrauti“ (eins og hann orðaði það) til að setja upp í stöðvarherberginu, en vissi ekki hvar hann ætti að byrja. Þar sem ég tel fullvíst að fleiri séu í svipuðum sporum, dettur mér í hug að vekja athygli á fróðlegri samantekt TF3JB um viðurkenningar radióamatöra sem hann flutti í Skeljanesi veturinn 2019. Jónas skipti erindinu á 14 glærur samkvæmt eftirfarandi:

1. Hvað eru viðurkenningar?
2. Fyrir hvað standa þær til boða?
3. Hvað þurfa menn að gera?
4. Hverjir gefa út viðurkenningar?
5. Hvað gerir maður við viðurkenningarnar?
6. Hvers vegna viðurkenningar?
7. Hverjar eru þekktastar?
8. Hvernig líta þær út?
9. Fleiri viðurkenningar.
10. Tvær til viðbótar.
11. Viðurkenningarskjöl ÍRA.
12. Áhugaverð viðurkenning?
13. Dæmi um kostnað (DXCC)
14. Stolt hvers DX manns.

Vefslóð: <https://tinyurl.com/JBviðurkenningar>

Glærurnar veita bæði ágæta yfirsýn og svara um leið algengustu spurningum sem menn kunna að hafa. Næsta skref er að gera sér gein fyrir stöðunni, þ.e. hve mörg sambönd hef ég staðfest – vegna þess að þau eru forsenda þess að hægt sé að sækja um viðurkenningarskjöl. Í sem allra stystu máli, mæli ég með að byrja á að flokka og raða innkomnum pappírskortum.



WAC viðurkenningaskjalið, sbr. umfjöllun í textanum.

Þegar það er búið, er líklegt að t.d. sé hægt að byrja á að sækja um WAC (*Worked All Continents*). Til þess þarf eitt staðfest samband við amatörstöð á hverju meginlandanna sex, þ.e. Evrópu, N-Ameríka, Asíu, Afríku, S-Ameríku og Eyjaálfu. Viðurkenningin er fallett skjal og er ágæt sem fyrsta „veggjaskraut“. Síðan má halda áfram eins og staðfest sambönd gefa möguleika til.

Síðustu ár hafa rafrænar staðfestingar á netinu aukist verulega. Til þess að geta notað þær, þurfa menn að skrá sig og fá heimild til að nota viðkomandi gagnagrunn. Algengastir eru *Logbook of The World (LoTW)*, *eQSL* og *QRZ.COM*. Skráning er án kostnaðar.

Upplýsingar um þessa þrjá gagnagrunna:

LoTW: <https://lotw.arrl.org/lotw-help/frequently-asked-questions/?lang=en>

eQSL: <https://www.eqsl.cc/qsldata/login.cfm>

QRZ: <https://www.qrz.com/docs/logbook30/faq>

Með ósk um gott gengi, 73 de TF5B.

Þekktustu og vinsælustu viðurkenningar radióamatöra.

DXCC	DX Century Club	19	ARRL	https://tinyurl.com/CQTF-2021-4 (bls. 37)
WAS	Worked All States	14	ARRL	https://tinyurl.com/CQTF-2021-1 (bls. 39)
WAC	Worked All Continents	6	IARU	http://www.arrl.org/wac
WAZ	Worked All Zones	20	CQ	https://tinyurl.com/CQTF-2010-1 (bls. 39)
WPX	Worked Prefixes Award	4	CQ	https://cq-amateur-radio.com/cq_awards/cq_wpx_awards/cq-wpx-award-rules-022017.pdf
IOTA	Islands On The Air	22	RSGB	https://www.iota-world.org/
WAE	Worked All Europe	10	DARC	https://www.darc.de/en/der-club/referate/committee-dx/diplome/wae-award/
ED	Europa Diplom	2	DARC	https://www.darc.de/der-club/referate/dx/diplome/europa-diplom/

Talan fyrir aftan nafn viðurkenningar segir til um fjölda mismunandi tegunda sem eru í boði. Þar fyrir utan eru í boði sérstakar uppfærslur fyrir hverja og eina, nema hvað varðar IOTA, WAE og Europa Diplom.



DXCC skráning TF kallmerkja

Kallmerki með virka skráningu á DXCC lista ARRL 30. júní 2022



DXCC MIXED		DXCC 40 METRAR		DXCC 10 METRAR	
344	TF3Y	202	TF3SG	216	TF3DC
326	TF3DC	185	TF4M	187	TF8GX
318	TF4M	167	TF2LL	139	TF4M
309	TF8GX	165	TF5B	137	TF5B
295	TF5B	140	TF3VS	125	TF2LL
273	TF2LL	130	TF3DT	122	TF3JB
261	TF3JB	130	TF8GX	117	TF3VS
253	TF3SG	126	TF3JB		
221	TF3IRA	108	TF1A		
221	TF3VS			DXCC CHALLENGE	
187	TF3DT	DXCC 30 METRAR		1766	TF3DC
187	TF3G	196	TF3DC	1554	TF4M
180	TF1A	179	TF3JB	1405	TF3Y
152	TF3MH	168	TF3Y	1367	TF3JB
116	TF3EK	162	TF4M	1313	TF8GX
		150	TF5B	1302	TF5B
DXCC PHONE		145	TF3VS	1056	TF2LL
290	TF8GX	119	TF1A	1042	TF3VS
283	TF5B	114	TF3DT		
238	TF4M	104	TF3MH	DXCC HONOR ROLL - MIXED	
185	TF3IRA			344	TF3Y
179	TF3JB	DXCC 20 METRAR			
157	TF3SG	277	TF5B	5BDXCC	
145	TF1A	275	TF8GX	TF3DC	Og 12, 17 og 30 metrar
140	TF3DT	251	TF4M	TF3JB	Og 12, 17 og 30 metrar
133	TF3G	238	TF3JB	TF3Y	Og 12, 17 og 30 metrar
101	TF3VS	234	TF2LL	TF4M	Og 12, 17, 30 og 160 metrar
		187	TF3VS		
DXCC CW		172	TF3G		
324	TF3Y	144	TF1A	DXCC MIXED, óVIRK SKRÁNING	
316	TF3DC	141	TF3DT	349 ^{a)}	TF3SV (TF5SV/TF3C)
305	TF4M	113	TF3MH	226	TF3IM
242	TF3SG			106	TF2WLC
239	TF8GX	DXCC 17 METRAR		---	TF3AR
238	TF3JB	242	TF3DC	---	TF3EA (#412; 8.3.1949; 110)
195	TF3IRA	196	TF3Y	---	TF3SF
158	TF3VS	181	TF3JB	---	TF3ZM
141	TF3G	161	TF5B	---	TF5TP
		153	TF3VS	^{a)} óvirk skráning á DXCC HONOR ROLL - MIXED	
DXCC RTTY/DIGITAL		149	TF2LL		
216	TF5B	148	TF4M	DXCC 6 metrar	
202	TF3VS	132	TF8GX	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)	
196	TF3JB	124	TF1A		
174	TF3DC	105	TF3DT	DXCC 2 metrar	
163	TF1A	102	TF3MH	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)	
163	TF3DT				
147	TF3MH	DXCC 15 METRAR		DXCC 70 Sentimetrar	
141	TF3Y	216	TF5B	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)	
114	TF3EK	215	TF8GX		
112	TF3IRA	176	TF2LL	DXCC Satellite	
108	TF4M	167	TF4M	(Enginn TF leyfishafi er handhafi)	
		154	TF3VS		
160 METRAR		149	TF3JB		
240	TF4M	118	TF1A		
156	TF3SG	103	TF3MH		
		100	TF3DT		
DXCC 80 METRAR					
229	TF3SG	DXCC 12 METRAR			
134	TF4M	207	TF3DC		
114	TF3DT	144	TF3Y		
109	TF3JB	142	TF3JB		
108	TF1A	134	TF4M		
		116	TF5B		
		110	TF8GX		

¹⁾ Virk skráning: Miðað er við að uppfærsla kallmerkis hafi verið gerð eftir 1.1.1994.

Vefslóð: <http://www.arrl.org/dxcc-rules>
(Birt með heimild ARRL 30.6.2022 / TF3JB).



Helstu DX keppnir 2022; júlí-september

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu júlí til september 2022. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, þ.m.t. vefslóð á heimasíðu hvarrar keppni með keppnisreglum og frekari upplýsingum. Vefslóð:

<https://www.contestcalendar.com/weeklycont.php>

Dagsetn.	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð TF stöðva
JÚLÍ 2022					
2.-3. júlí	14:00-14:00	Marconi Memorial HF Contest	RTTY	160-10m	RST + raðnúmer
9.-10. júlí	12:00-12:00	IARU HF World Championship	CW/SSB	160-10m	RS(T) + ITU svæði (TF=17)
30.-31. júlí	12:00-12:00	RSGB IOTA Contest	CW/SSB	80-10m	RS(T)+raðnúmer+IOTA nr. ¹⁾
ÁGÚST 2022					
6. ágúst	12:00-23:59	European HF Championship	CW/SSB	160-10m	RST +2 síðustu tölustafir...
13.-14. ágúst	00:00-23:59	WAE DX Contest, CW	CW	80-10m	RST + raðnúmer
20.-21. ágúst	⁽²⁾	SARTG WW RTTY Contest	RTTY	80-10m	RST + raðnúmer
27.-28. ágúst	12:00-12:00	YO DX HF Contest	CW/SSB	80-10m	RST + raðnúmer
SEPTEMBER 2022					
3.-4. sept.	00:00-23:59	All Asian DX Contest, Phone	SSB	80-10m	RS + 2 tölustafir fyrir aldur
10.-11. sept.	00:00-23:59	WAE DX Contest, SSB	SSB	80-10m	RS + raðnúmer
17.-18. sept.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest	CW	80-10m	RST + raðnúmer
24.-25. sept.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest, RTTY	RTTY	80-10m	RS(T) + CQ svæði (TF=40)

¹⁾ Það eru þrjú mismunandi IOTA númer fyrir TF. EU-021 = Meginlandið sjálft. EU-071 = Vestmannaeyjar, þ.e. Heimaey og nærliggjandi eyjar. EU-168 = Allar aðrar eyjar við landið (að undanskildum Vestmannaeyjum).

²⁾ Tímasetning er þrískipt þessa tvo keppnisdaga: (1) 21.9. kl. 0000-0800 GMT og kl. 1600-2400 GMT og (2) 22.9. kl. 0800-1600 GMT.

Tímarit sem berast ÍRA

ÍRA berast reglulega tímarit frá 11 landsfélögum radióamatöra. Þar af eru sjö á pappír: Frá ARRL, RSGB, DARC, REF, ARI, USKA og JARL og fjögur rafræn: Frá SSA, NRRL, EDR og SRAL.

Þetta lesefni stendur félagsmönnum til boða öll fimmtudagskvöld, en rafrænn aðgangur er í boði á borðtölvu í fjarskiptaherbergi.

Í töflunni er yfirlit yfir tímarit erlendra landsfélaga radióamatöra sem berast reglulega til félagsins.

Tímarit	Útgefandi	Tunga	Útgáfutíðni	Prentárgangur	Rafræn
QST	ARRL, American Radio Relay League	Enska	12 x ári	2014-2018	-
RadCom	RSGB, Radio Society of Great Britain	Enska	12 x ári	2014-2018	-
CQ DL	DARC, Deutscher Amateur-Radio-Club e.V.	Þýska	12 x ári	2014-2018	-
Radio REF	REF, Réseau des Emetteurs Français	Franska	12 x ári	2014-2018	-
HBradio	USKA, Union Schweizerischer Kurzwellen Amateure	Þý/fr/ít.	6 x ári	2021	Frá 2021
Radio Rivista	ARI, Associazione Radioamatori Italiani	Ítalska	12 x ári	2014-2018	-
QTC	SSA, Föreningen Sveriges Sändareamatörer	Sænska	12 x ári	2012-2015	Frá 2016
Amatör Radio	NRRL, Norsk Radio Relæ Liga	Norska	6 x ári	2014-2017	Frá 2018
OZ	EDR, Experimenterende Danske Radioamatörer	Danska	6 x ári	2008-2012	Frá 2013
Radioamatööri	SRAL, Suomen Radioamatooriliitto	Finnska	12 x ári	2009-2013	Frá 2013
JARL News	JARL, Japan Amateur Radio League	Japanska	4 x ári	2014-2018	-
CQ TF	ÍRA, Íslenskir radióamatörar	Íslenska	4 x ári	2018, 1. og 2. tbl.	Frá 2012